

# Búnaðarsamband Suðurlands Ársrit 2012

43. árgangur 1. tbl. 2013



*Þvara Brúnastöðum*  
*Ljósmynd: Guðmundur Jóhannesson*



# BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS

Stofnað 6. júlí 1908

Búnaðarfélag 32, búgreinafélag 6, félagatala 1552, apríl 2013.

## Aðalstjórn:

Guðbjörg Jónsdóttir, Læk, í stjórn frá 2008, formaður 2008.

Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi í stjórn frá 2008.

Ragnar Lárusson, Stóra-Dal, í stjórn frá 2006.

Erlendur Ingvarsson, Skarði, í stjórn frá 2012.

Jón Jónsson, Prestsbakka, í stjórn frá 2010.

## Varstjórn:

María Hauksdóttir, Geirakoti.

Helgi Eggertsson, Kjarri.

Oddný Steina Valsdóttir, Butru.

Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum.

Sigurjón Eyjólfsson, Eystri-Pétursey.

## Skoðunarmenn:

Theodór Vilmundarson, Efsta Dal, frá 2012.

Hrafnkell Karlsson, Hrauni, frá 2009.

## Starfsfólk:

	Sími
Sveinn Sigurmundsson, frá 1983, frkvstj. frá 1. okt. 1987	480-1801
Helga Sigurðardóttir, frá 1. sept. 1999	480-1804
Grétar Már Þorkelsson, frá 1. janúar 2005	470-8088
Brynja Marvinsdóttir, frá 1. ágúst. 2010	480-1800
Halla Kjartansdóttir, frá 1. des 2010	480-1820

## Starfsmenn bændabókhalds:

Ólafur Þór Þórarinsson	480-1802
Skafti Bjarnason, Brautarholti	480-1830
Sigríður Emilsdóttir, Selfossi	480-1832
Kristín Björnsdóttir, Selfossi	480-1831
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti	486-8987
Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti	480-1819
Sigrún Böðvarsdóttir, Prestsbakka	480-1819

## Starfsmenn Kynbótastöðvar Suðurlands og starfssvæði:

	Sími
Sveinn Sigurmundsson Framkvæmdastjóri frá 1. maí 1996	480-1801
Bragi Ágústsson Hluti Flóa, Skeið, Vesturhluti Árn.	482-2056
Úlfhédinn Sigurmundsson Hreppar, hluti Tungna	486-5563
Hermann Árnason Rangárþing frá V-Landeyjum. Hluti Flóa	487-8611
Smári Tómasson Frá Vík að vesturhluta Landeyja	487-1410
Sigríður Böðvarsdóttir Skaftárhreppur	487-4719

## Klaufskurður Kynbótastöðvar Suðurlands:

Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti	867-4104
Birkir Þrastarson, Hæli	897-4482

**Tilraunabúið Stóra-Ármóti:**

Grétar Hrafn Harðarsson, tilraunastjóri frá 1. des. 1999	480-1807
Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson frá 1. sept 2001	482-1058

**Sauðfjársæðingastöðin Þorleifskoti:**

Sveinn Sigurmundsson, umsjón frá 1. apríl 1986	480-1801
--	----------

**Formenn búnaðarfélaga 2012:**

Ölfus: Pétur B. Guðmundsson, Hvammi, 801 Selfoss	483 4456
Grafningur: Árni Þorvaldsson, Bildsfelli, 801 Selfoss	482-2682
Þingvallasveit: Gunnar Þórisson, Fellsenda, 801 Selfoss	482-2683
Grímsnes: Björn Snorrason, Björk, 801 Selfoss	486-4476
Bláskógabyggð: Óttar Bragi Þráinsson, Miklaholti, 801 Selfoss	486-8690
Hrunamannahr.: Aðalsteinn Þorgeirsson, Hrafnkelsstöðum, 845 Flúðir	486-6605
Gnúpverjahlr.: Einar Gestsson, Hæll 2, 801 Selfoss	486-1058
Skeið: Jón Vilmundarson, Skeiðháholti, 801 Selfoss	486-5592
Hraungerðishr.: Baldur Indriði Sveinsson, Litla-Ármóti 801 Selfoss	482-1057
Sandvíkurhr.: Guðmundur Lárusson, Stekkum, 801 Selfoss	482-1811
Eyrbakkahr.: Pjetur N. Pjetursson, Sólvangi, 820 Eyrbakki	554-5959
Stokkseyrarhr.: Björn Harðarson, Holti, 801 Selfoss	486-3407
Gaulverjab.hlr.: Bragi Ásgeirsson, Selparti, 801 Selfoss	486-3398
Villingaholtshlr.: Bjarni Pálsson, Syðri Gróf, 801 Selfoss	486-3430
Ásahreppur: Egill Sigurðsson, Berustöðum, 851 Hella	487-5068
Djúpárhreppur: Einar Hafsteinsson, Hábae, 851 Hella	487-5633
Holt: Daníel Magnússon, Akbraut, 851 Hella	487-6562
Landsveit: Hannes Ólafsson, Austvaðsholti, 851 Hella	487-6597
Rangárvellir: Ásgerður Sjöfn Guðmundsdóttir, Lambhaga, 851 Hella	487-5181
Hvolhrepps: Birkir Arnar Tómasson, Móeiðarhvoli 2	487-8077
Fljótshlíð: Ólafur Þorri Gunnarsson, Bollakoti, 861 Hvolsvöllur	487-8361
V-Landeyjar: Ágúst Rúnarsson, Vestra-Fíflholti, 861 Hvolsvöllur	487-8593
A-Landeyjar: Elvar Eyvindsson, Skíðbakka, 861 Hvolsvöllur	487-8720
V-Eyjafjöll: Ragnar Lárusson, Stóra-Dal, 861 Hvolsvöllur	487-8909
A-Eyjafjöll: Kristinn Stefánsson, Raufarfelli, 861 Hvolsvöllur	487-8866
Dyrhólahr.: Sigurjón Eyjólfsson, Eystri-Pétursey, 871 Vík	487-1329
Hvammshlr.: Ólafur Þ. Gunnarsson, Giljum, 871 Vík	487-1369
Álftaver: Páll Eggertsson, Mýrum, 880 Kirkjubæjarklaustur	487-1351
Skaftártunga: Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ljótastöðum, 880 Kirkjub.kl.	487-1362
Leiðvallahreppur: Örn Karlsson, Sandhól, 880 Kirkjub.kl.	864-2015
Kirkjubæjarhr.: Ólafur Helgason, Hraunkoti, 880 Kirkjub.kl.	487-4703
Hörgslandshlr.: Bjarki V. Guðnason, Maríubakka, 880 Kirkjub.kl.	565-7839

**Formenn búgreinafélaga á Suðurlandi:**

Félag kúabænda Suðurlandi: Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ,	486-3380
Félag sauðfjorbænda V-Skaftafellssýslu: Fanney Ólöf Lárusdóttir, Kbkl	487-4888
Félag sauðfjorbænda Rangárvallasýslu: Erlendur Ingvarsson, Skarði	487-1590
Félag sauðfjorbænda Árnassýslu: Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti	486-8621
Hrossaræktarsamtök Suðurlands: Sveinn Steinarsson, Litlalandi	483-3884
Loðdýraræktarfélag Suðurlands: Stefán Guðmundsson, Ásaskóla	486-6047

# Skýrsla formanns



Á aðalfundinum sem haldinn var á Heimalandi urðu breytingar á stjórninni, en kosið var um stjórnarmenn í Rangárvallarsýslu. Egill Sigurðsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs og eru honum hér með færðar þakkir fyrir vel unnin störf á liðnum árum. Erlendur Ingvarsson í Skarði var kosinn nýr aðalmaður og Ragnar Lárusson í Stóra-Dal var endurkjörinn. Strax að aðalfundi loknum hélt stjórnin sinn fyrsta fund og skipti með sér verkum. Guðbjörg Jónsdóttir var kjörin formaður stjórnar, Ragnar Lárusson, varaformaður, Jón Jónsson ritari og þeir Erlendur Ingvarsson og Gunnar K. Eiríksson meðstjórnendur.

Á starfsárinu voru haldnir sjö stjórnarfundir. Stjórnin fundaði auk þess þrisvar með öllum sunnlensku búnaðarþingsfulltrúnum fyrir auka Búnaðarþing sem haldið var í lok október. Þar voru niðurstöður stýrihóps um endurskoðun leiðbeiningaþjónustunnar á landsvísu kynntar og ræddar. Vegna stöðunnar í aðildarviðræðunum við ESB var fundurinn haldinn í samstarfi við fulltrúa BÍ í samninganefndinni um landbúnaðarmál. Einnig var samráðsfundur haldinn þegar mál lágu fyrir Búnaðarþing 2013. Fundað var með búnaðarþingsfulltrúum Búnaðarsambandsins vegna vinnslu mála fyrir Búnaðarþing í janúar sl. Formannafundur Búnaðarsambandsins var haldinn að Stóra-Ármóti 26. nóvember sl. þar sem niðurstöður stýrihóps um endurskoðun leiðbeiningarþjónustunnar á landsvísu voru

kynntar. Framsögu í málinu höfðu formaður og framkvæmdastjóri BÍ.

Verkefnin hafa að langmestu snúist um þær miklu breytingar á starfsemi Búnaðarsambandsins sem urðu um áramótin. Öll starfsemi sem snýr að ráðgjöf við bændur var færð í nýtt félag eða Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Málið hefur verið rætt ítarlega á öllum stjórnarfundum starfsársins og farið vel yfir stöðuna hverju sinni. Eitt helsta verkefnið í ferlinu hefur verið að standa vörð um að þeim verkefnum sem eftir eru hjá Búnaðarsambandinu séu tryggðir tekjustofnar af opinberu fjármagni sem til þeirra eru ætlaðir s.s. af búnaðarlagasamningi.

Vegna þessarra miklu breytinga á tilgangi og verksviði Búnaðarsambandsins skipaði stjórnin laganeftnd, sem var falið að koma með tillögur þar um fyrir aðalfund.

Það er ljóst að eignir Búnaðarsambands Suðurlands eru traustur bakhjarl sem við viljum nýta okkur til framdráttar í því starfi sem eigendur okkar óska hverju sinni. Sunnlenskir bændur eiga að halda ótrauðir áfram að þróa okkar vel reknu fyrirtæki og takast á við framtíðina með sókn í huga.

Að lokum vil ég þakka stjórn og starfsfólki Búnaðarsambandsins gott samstarf á árinu sem og bændum.

*Með kveðju Guðbjörg Jónsdóttir*



## Starfsemi Búnaðarsambandsins 2012

Á Búnaðarþingi 2012 var samþykkt ályktun um að ráðgjafarstarfsemi búnaðarsambanda og Bændasamtaka Íslands yrði sameinuð í eina rekstrareiningu með það að markmiði að tryggja bændum aðgang að sambærilegri ráðgjöf á sömu kjörum hvar sem þeir búa á landinu. Stefnt var að því að fyrirkomulag þetta tæki gildi um leið og nýr búnaðarlagasamningur í ársbyrjun 2013.

Ágúst Þorbjörnsson rekstrarverkfræðingur var ráðinn til að undirbúa stofnun nýja ráðgjafarfyrirtækisins og hóf hann störf í byrjun apríl með viðtölum við starfsfólk búnaðarsambanda og ráðgjafasviðs Bændasamtakanna. Hann skilaði síðan tillögum sl. haust. Úr því hófst mikil vinna við að skipuleggja og koma nýja fyrirtækinu af stað. Tíminn til áramóta var skammur og edlilega órói og óvissa í starfsfólkinu. Nýtt ráðgjafarfarfyrirtæki Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins RML leit svo dagsins ljós um áramót. Mikil vinna er þó eftir og ég reikna með að yfirfærslunni ljúki ekki fyrr en að líður á árið. Flestir ráðunautanna fara yfir í RML og þar með talið flest verkefni búnaðarsambandanna. Búnaðarsambandið mun sjá um og halda áfram að reka þau fyrirtæki sem eru í eigu þess. Kynbótastöð, Sauðfjarsæðingastöð, Bændabókhald og Stóra Ármót ehf. Verkefni sem eftir verða eru, m.a. úttekt jarða- og húsabóta, tunkortagerð, félagsleg málefni, umsóknir um lögbyli, eftirlit og úttektir vegna umsókna í Bjargráðasjóð, Framleiðnisjóð ofl. Þá á Búnaðarsambandið eignir, húsnæði, bíla, áhöld og tæki og jörð og byggingar á Stóra Ármóti. Við munum leigja RML aðstöðu, bíla, tæki ofl.

Aðalfundur Búnaðarsambandsins var haldinn að Heimalandi undir Eyjafjöllum 18. apríl s.l. Á fundinum virtist ríkja mikil sátt um rekstur Búnaðarsambandsins og menn ánægðir með stöðu þess. Litlar umræður urðu um sameiningu ráðgjafarþjónustunnar en flestir vildu flýta sér hægt og vanda vel til verka.

Á fundinum fór fram kjör fulltrúa til Búnaðarþings og þar urðu þau tíðindi að fimm nýir fulltrúar voru kjörnir. Eftirtaldir hlutu kosningu: Guðbjörg Jónsdóttir Læk, Guðrún Stefánsdóttir Hlíðarendakoti, Gunnar Kr. Eiríksson Túnsbergi, Oddný Steina Valsdóttir Butru, Ólafur Þ. Gunnarsson Giljum, Stefán Geirsson Gerðum og Þórir Jónsson Selalæk. Egill Sigurðsson gaf ekki kost á sér til setu í stjórn Búnaðarsambandsins og í hans stað var kjörinn Erlendur Ingvarsson í Skarði. Ragnar M. Lárusson í Stóradal var endurkjörinn í stjórn.

Búnaðarsamband Suðurlands sá um jarðvegssýnatöku í samvinnu við sum búnaðarfélagin í Skaftárhreppi, Eyjafjöllum og Landeyjum. Á haustin er rétti tíminn fyrir bændur að taka jarðvegssýni úr túnum

og ökrum og senda til efnagreiningar. Niðurstöður jarðvegsefnagreininga gefa góðar upplýsingar um sýrustig jarðvegs og steinefnainnihald sem eru mikilvægar forsendur fyrir áburðaráætlun komandi sumars. Hins vegar er betra að taka heysýni til að meta fosfór (P) og kalí (K) því þá sést hvað plantan er að taka upp í raun. Á útmánuðum stóð bændum til boða að áburðaráætlun sé unnin fyrir þá. Aðeins 33 bændur nýttu sér þá þjónustu.

Tæplega 30 bændur voru með í NorFor-verkefninu veturinn 2011-2012. Ráðning Hrafnhildar við fóðuráætlanagerð seinni hluta ársins árið 2011 var líður í að auka faglegra ráðgjöf til kúabænda. Verkefnið gekk að vonum og víða náðist heilmikill árangur, bæði heilsufarslega, í aukinni nyt og/eða með hækkuðu próteini. Allt þetta leiðir til fjárhagslegs ávinnings. Fóðrun nautgripa er langtímamarkmið sem krefst þolinmæði og skipulagningar. Við ákváðum að slaka í engu í þessu verkefni og réðum Jónu Þórunni Ragnarsdóttur í stað Hrafnhildar sem fór í fæðingarorlof á miðju ári. Flestir bændanna héldu áfram í þessu verkefni og nýir bættust við. Við lok ársins voru um 40 kúabændur á Suðurlandi þátttakendur í NorFor verkefninu.

Kynbótasýningar hófust í maí og voru alls 1.103 hross dæmd á Suðurlandi. Byrjað var með kynbótasýningar á Sörlastöðum en þar voru 52 hross dæmd. Svo var kynbótasýning að Brávöllum á Selfossi og þar voru 402 hross dæmd. Almenn ánægja var með alla aðstöðu og völinn. Þó hrikti vel í þegar tók upp á því að rigna einn daginn og völlurinn varð það þungur að fresta varð sýningu. Allt fór þó vel og daginn eftir var hægt að ljúka yfirlitssýningu. En þetta var þörf ábending til þeirra Sleipnismanna um að laga afrennsli af vellinum þannig að hann þoli hressilega rigningu sem alltaf getur gert. Þá voru 423 hross dæmd á Gaddastaðflötum og svo 226 hross á síðsumarsýningu þegar komið var fram í ágúst. Lausráðið starfsfólk við kynbótasýningar eru Elín Höskuldsdóttir sem aðstoðar við skráningu og innheimtu á skrifstofu, Óðinn Örn Jóhannesson sem hefur starfað við sýningastjórn og mælingar og Soffía Sveinsdóttir sem starfaði sem ritari. Fastráðið starfsfólk Búnaðarsambandsins kom að öðru leyti til aðstoðar eftir þörfum.

Kvíguskoðun er framkvæmd árið um kring og voru alls 2909 kvígur skoðaðar hér á Suðurlandi 2012 af þeim Guðmundi Jóhannessyni, Gunnfríði Elínu Hreiðarsdóttur, Sveini Sigurmundssyni og Magnúsi B. Jónssyni.

Við stóðum fyrir fundum um betri bústjórn seinni hlutann í febrúar. Á fundunum sem voru jafnmargir sýslunum var fjallað um framtíðarhorfur mjólkurframleiðslunnar og hvernig tengja má þær við rekstur búanna frá degi til dags. Hvernig er hægt ná betri árangri og auka arðsemi greinarinnar. Reynt var að greina hvernig bæta megi reksturinn með tilliti til hagnýtingu skýrsluhaldsins, ræktunarstarfsins, jarðræktar og gróffóðuröflunar og áætlanagerðar.

Sunnuverkefnið hélt áfram og var nú unnið fyrir liðlega 60 kúabú af þeim Runólfi Sigursveinssyni og Margréti Ingjaldsdóttur. Flest búanna voru heimsótt en fyrir þau var unnin SVÓT greining, rekstrargreining og út frá því samburðarblað sem öllum þátttakendum var sent. Mikill breytileiki er innan þessa hóps, í breytilegum kostnaði framleiðslunnar. Nefna má að þau 10 bú sem eru með lægstan breytilegan kostnað á innlagðan lítra, af þessum 40 búum, eru að framleiða mjólkina á 45 kr á lítra meðan meðaltalið er rúmlega 56 krónur á innveginn lítra. Það er því víða verk að vinna að lækka kostnað við framleiðsluna.

Hjá Bændabókhaldinu voru unnin skattframtöl fyrir 182 bú sem er veruleg aukning frá fyrri árum. Virðisaukaskýrslur voru unnar fyrir 111 aðila. Reksturinn var í góðu jafnvægi, velta upp á rúmar 20 milljónir og hagnaður upp á 426 þúsund

Seinni partinn í ágúst er haldinn fundur í sauðfjárræktarnefnd Búnaðarsambandsins. Þar var skipulag sýninga haustsins kynnt og línurnar lagðar. Lambaskoðanir haustsins hófust í byrjun september. Rúmlega 16.500 þúsund kindur voru metnar og skoðaðar, 624 veturgamlir hrútar, 3.000 lambhrútar og 13.000 lambgimbrar sem er um 2.000 fleiri en árið áður. Fanney Ólöf sá um skipulagningu á hauststörfunum í sauðfjárrækt en auk ráðunauta Búnaðarsambandsins, komu Ágúst Ingi Ketilsson, Ódinn Örn Jóhannesson og Hermann Árnason, að því að ómmæla og stiga lömb. Innlátt á lambadómum annaðist Sólrún Ólafsdóttir. Við samantekt vinnu, aksturs og þ.m.t kostnaðar við hauststörfin kemur fram að hann er nærri 8 milljónir króna. Innheimt var fyrir nærri 2,5 milljónum króna. Tæplega þriðjungurinn af kostnaði við hauststörfin er því innheimtur. Væru fjárbændur og fjáreigendur tilbúnir að greiða reikning sem væri liðlega þrisvar sinnum hærri en þeir fengu síðasta haust?

Seinnihlutann í nóvember var afrakstur hauststarfsins kynntur á fjórum fræðslufundum, einum fyrir hverja sýslu. Hrútar Sauðfjársæðingastöðvarinnar voru einnig til umfjöllunar. Met mæting var á þessa fundi en um 200 manns sóttu þá liðið haust.

Á árinu 2012 voru alls 97 tunkort fullunnin af Höllu Kjartansdóttur auk 6 annarra sérverkefna.

Úttekt jarða- og húsabóta fór fram á haustdögum að venju. Grétar Már sá um úttektir í Skaftafellssýslum, Pétur sá svo um úttektir í Rangárþingi með aðstoð Ólafs Þórs. Kristján Bjarnald, Ólafur Þór og Halla Kjartansdóttir sáu um úttektir í Árnæssýslu.

Kortagrunnurinn og það átak sem gert hefur verið í tunkortagerð kom að góðum notum við þá vinnu. Ólafur Þór sá um úttektir á garðyrkjubýlum.

Vinnsla fréttabréfanna fór fram í litljósritunarvélinni sem við keyptum fyrir tveimur árum og voru gefin út 8 tölublöð. Ársritið kom út fyrir aðalfund og hrútaskráin kom út um miðjan nóvember. Heimsóknum á vefsíðu Búnaðarsambandsins fækkaði á síðasta ári frá árinu 2011 en aftur á móti fjölgaði þeim sem heimsóttu vefinn. Alls heimsóttu 20.539 vefinn á árinu 2012 samanborett 20.139 árið áður. Heimsóknum fækkaði eins og áður sagði og námu þær alls 127.224 borið saman við 155.561 árið 2011. Síðuflettingum fækkaði einnig milli ára eða úr 355.858 á árinu 2011 í 300.005 á síðasta ári. Ástæðan fyrir þessari fækkun er ef til vill sú að fréttir á bssl.is birtast einnig á Facebook og Twitter-síðum Búnaðarsambandsins og svo geta menn einnig nálgast þær með appi í farsímamann hjá sér. Greinilegt er að notkun vefsins færir meira yfir í það form að menn leita í auknum mæli eftir faglegum upplýsingum en áður en minna eftir fréttum enda framboð frétta á vefnum gríðarlega mikið og samkeppni á þeim vettvangi sívaxandi.

## Lokaorð

Rekstrartekjur fyrirtækjanna fyrir utan Stóra Ármót er 239 milljónir sem er minnkun frá fyrra ári eða úr 251 milljón. Rekstrargjöld eru rúmar 254 milljónir og rekstrartap 15,5 milljónir. Að teknu tilliti til fjármagnsliða og dótturfélags er tapið 4,1 milljónir. Þá reiknast jákvæður tekjuskattur upp á 3,6 milljónir. Lokaniðurstaðan er því tap upp á 515 þúsundir. Samkvæmt efnahagsreikningi eru heildareignir 248,1 milljónir króna en eigið fé í árslok var 218,5 milljónir. Veltufjármunir eru 135 milljónir í árslok. Veltufé til rekstrar er 8,1 milljón á móti 11,7 milljónum sem komu frá rekstri í fyrra. Til að greina stöðu Búnaðarsambandsins verður að skoða hvert fyrirtæki fyrir sig. Bændabókhaldið veltir 2,6 milljónum. Nú var hagnaður upp á 426 þúsund á móti 900 þúsund króna hagnaði árið á undan. Útkoma Sauðfjársæðingastöðvarinnar er góð. Velta er tæpar 14 milljónir og hagnaður nú upp á 1,4 milljónir, sem skýrist af aukinni þáttöku í sæðingum. Kynbótastöðin veltir tæpum 85 milljónum. Heildargjöld tæpar 85 milljónir og tekjur tæpar 82 milljónir. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er tap ársins 1,3 milljónir. Klaufskurðurinn var niðurgreiddur um 600 þúsund og svo hækkaði sæðið frá Hvanneyri um 4 milljónir. Í lok ársins hækkuðu sæðingagjöld litlilega. Á rekstri Búnaðarsambandsins urðu miklar breytingar á síðasta ári. Tekjur lækkuðu um 20 milljónir sem skýrist meðal annars af því að árið á undan fengum við 12 milljónir í aðstoð vegna gossins í Eyjafjallajökli og svo kom leiðrétting á búnaðargjaldi í lok ársins upp á 11 milljónir. Heildargjöld Búnaðarsambandsins voru 136,6



milljónir en þegar búið er að taka tillit til fjármagnsliða, dótturfélags og skatta þá er lokaniðurstaðan tap upp á 1 milljón. Reksturinn á Stóra Ármóti gekk vel. Rekstrartekjur upp á 47,2 milljónir, rekstragjöld 41 milljón og hagnaður því tæpar 6 milljónir þegar búið er að taka tillit til skatta. Árferði til búskapar var gott og búreksturinn sem er í föstum skorðum gekk vel að venju. Íbúðalánasjóðslán upp á 12,5 milljónir var greitt upp á árinu. Og ef lítið er á sjóðsstreymi þá skilar reksturinn 10,5 milljónum á síðasta ári. Griðarleg verðmæti eru fölgin í jörðinni, byggingum, framleiðslurétti, hita- og veiðiréttindum, vélum, bústofni ofl. Aðalatriðið er þó að öflugt tilraunastarf sé rekið á staðnum. Ef samstæðureikningurinn við Stóra Ármót er skoðaður þá er heildarveltan 286 milljónir og bókfærðar eignir 258 milljónir.

Styrkur Búnaðarsambandsins hefur m.a falist í sterkri eiginfjárstöðu og samlegðaráhrifum fyrirtækjanna. Hver nýtur annars. Sameiginleg stjórnun og bókhald allra fyrirtækja. Samnýting bifreiða, skrifstofu, síma og útgáfustarfsemi og svo mætti lengi telja. Með því að aðskilja ráðgjafarþjónustuna frá þeirri starfsemi erum við því miður að hverfa að hluta frá þessum jákvæðu samlegðaráhrifum. Síðasta ár einkenndist af óvissu, sem óneitanlega bitnaði á starfseminni. Við reyndum að halda sjó og tókst vonandi allvel í þeim efnum en lítið var um frumkvæði og nýjungar. En tilgangurinn með stofnun nýja fyrirtækisins er einmitt að bændur fái sérhæfðari og öflugri þjónustu. Það er von mín að vel takist til í þeim efnum og þá einnig að verkefni tengd ráðgjafarþjónustunni flytjist ekki af Suðurlandi nema þá að önnur komi í staðinn.

## Sauðfjársæðingastöð Suðurlands


Á síðustu árum hefur verið lagt í verulegan kostnað við endurbætur og lagfæringar á stöðinni. Unnið er eftir gæðahandbók sem hefur verið í þróun síðustu árin og fengum fyrirtækið Sýni til að aðstoða okkur við að koma gæðaeftirlitinu í framkvæmd. Það er full ástæða til að þakka Katrínu Andrésdóttur sem var héraðsdýralæknir á þessum árum fyrir ábendingar og áhuga á að gæðamál stöðvarinnar stæðust ítrustu kröfur. Dýralæknir stöðvarinnar er Páll Stefánsson en hann skoðar og gæðametur hvern einasta sæðisskammt undir smásjá og þéttleikamæli. Árangur frá stöðinni var góður eftir haustið 2011. Árangur með fersku sæði frá stöðinni var 69% fanghlutfall, en yfir landið var hann 66%. Sunnlensku sýslurnar eru allar með um og yfir 70% árangur. Einstaka sæðingamenn ná oft allt að 90 % árangri sem sýnir að ef að leitað er á réttum tíma og farið eftir leiðbeiningum þá næst góður árangur.

Djúpfrystingin hófst um miðjan nóvember en sem fyrr


fáum við alla nýja hrúta til okkar, frystum úr þeim og geymum í genabankanum. Fryst sæði sendum við svo á Vestfirðina og aðeins víðar. Heldur dregst það saman enda árangurinn mun lakari en með ferska sæðinu.

Útsending á hrútasæði frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands hófst þann 1. des. og stóð í 3 vikur eða til 21. des. Ekki blés byrlega fyrstu dagana þegar við náðum ekki nothæfu sæði úr 4 hrútum. Baugur frá Efstu-Grund og Stakkur frá Kirkjubóli gáfu lélegt sæði. Bassi frá Geirmundarstöðum og Skugga-Sveinn frá Ásgarði gáfu ekki sæði. Við bættist svo að Þróttur frá Fremri Hlíð er svo styggur og vangæfur í sæðistöku að suma daga gaf hann ekkert sæði. Allt fór þó til betri vegar þegar leið á tímabilið nema með Skugga-Svein. Hann var ónothæfur og minnti á föður sinn Grána frá Stóru-Tjörnum sem þannig var sitt síðasta ár á stöð. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er útsendingin á sæði frekar jöfn. Minnst fyrstu dagana og þá síðustu

líka. Við gætum auðveldlega afgreitt mun meira sæði frá stöðinni þá daga. Sæðistaka og útsending gekk ákaflega vel og var áhugi, þátttaka og útsending meiri en nokkru sinni fyrr. Frá stöðinni var sent út sæði í 22.775 ær sem er met. Mest var sent út þann 13. desember en þá var afgreitt sæði í 1.825 ær. Mest var sent út úr eftirtöldum hrútum: Birki 2.420 skammtar, Ás 1.705 skammtar, Grámanni 1.570 skammtar, Borða 1.570 skammtar, Snæ 1.560 skammtar og Kroppi 1.515 skammtar. Útsending úr Birki er sú næstmesta úr einum hrúti á einni fengitíð frá upphafi. Á árinu 2010 voru sendir út 2.865 skammtar úr Grábotna og er það metútsending.







Birkir slær hins vegar gömlu meti Rafts frá 2006 við en það ár voru sendir 2.390 skammtar úr honum.

Þátttakan var góð og fór í 15.490 ær sæddar með fersku sæði, sem er aukning um nærri 2500 ær frá fyrra ári. Aukning í öllum sýslum á Suðurlandi, mest í uppsveitum Árnassýslu. Þar er mjög greinilegur áhugi á ræktunarstarfi.

Starfslið var óbreytt. Árni Freyr Pálsson sá um að leiða hrútana fram. Páll Þórarinnsson um hrútahirðingu og sæðistöku. Þóra Þórarinsdóttir sá um að fylla á sæðisstráin, sæðisfrágang, þrif, og að ganga frá



Birki frá Bjarnastöðum

pöntunum á sæði. Páll Stefánsson dýralæknir annaðist blöndun á ferska sæðinu og gæðamat á því. Ólafur Þór sá um að aka með sæði til Reykjavíkur. Undirritaður var við yfirstjórn, móttöku pantana, útteilingu á sæði og síðar innheimtu. Sæðistakan og útsendingin að frádregnum byrjunarörðugleikum með nokkra hrúta gekk afar vel. Veðrið lék við okkur, samhæft og þjálfað starfsfólk vinnur gott starf.

Reksturinn var í góðu jafnvægi á síðasta ári. Tekjur rúmlega 13,6 milljónir og gjöldin 12,6 milljónir. Hagnaður var því um milljón fyrir utan fjármagnsliði en tæpar 1,4 milljónir að teknu tilliti til þeirra. Sæðingatekjur hér á landi vaxa um nærri 2 milljónir vegna aukinnar þátttöku. Útflutningurinn dróst hinsvegar saman um rúma milljón en ávallt eru sveiflur milli ára.

Ekki fer hjá því að þær breytingar sem urðu á starfsemi búnaðarsambandanna um áramótin hafi áhrif á starfsemina næsta haust. Starfsfólkið er að mestu komið í nýtt fyrirtæki Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Mikil uppstokkun á sér stað í starfsemi búnaðarsambandanna og sum hver lítt starfhæf eftir breytinguna. Sauðfjársæðingastöðin hefur notið góðs af nálægðinni við Búnaðarsambandið, bæði í sambandi við bíla, starfsfólk, stjórnun og bókhald. Hætt er við að þegar þessi samlegðaráhrif eru ekki lengur til staðar að það muni koma fram í sæðisverðinu fyrr eða síðar. Umræða er hafinn um frekari samruna og samþættingu á fleiri sviðum en ráðgjafapjónustunni. Hver sem framvindan verður í því liggur fyrir að við höfum góða aðstöðu og gott húsnæði fyrir 40 hrúta, erum með gæðaeftirlit sem við getum verið stolt af. Mín sýn er hinsvegar sú að betra sé fyrir fjárbændur í heild sinni að vera með 2 stöðvar til að að anna mikilli eftirspurn eftir fersku sæði í þá liðlega 10 daga sem hún er mest.

Sveinn Sigurmundsson

Sæddar ær frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands 2002 - 2012 með fersku sæði

	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002
S.Pingeyjarsýsla	906	931	1108	1160	1229	752	1175	1237	1367	646	183
N.Pingeyjarsýsla	544	440	808	652	815	528	585	700	246	778	259
A.Skaftafellsýsla	2173	2064	2007	1537	1694	1368	1457	960	1486	1302	1586
V.Skaftafellsýsla	1489	805	1186	1482	1724	1696	2060	2161	2299	2363	2091
Rangárvallasýsla	2271	2247	1927	2315	1799	1916	2050	2289	1987	1616	1602
Árnassýsla	3551	2943	2805	2537	2315	2179	2961	1932	2312	2678	2966
Vestmannaeyjar		5			15	25				35	
Húnavatnssýslur	1220	365	819	666	85	15	75	15		293	432
Eyjafjarðarsýsla	531	340	309	600	513	280	628	531	662	245	
Skagafjarðarsýsla	1136	975	1056	858	955	1026	1440	1217	1052	714	95
Dalassýsla	217	127		30	10		99	20	155	55	494
Borgarfjörður	136	80	88	214	136	35	322	298	101	402	1006
Strandasýsla											
Ísafjarðarsýsla									50		218
Barðastrandasýsla											67
Snæfellsnesýsla	74	159	100	177	55	53	228	197	175	287	731
BS.Kjalarnes	224	105	94	140	84	66	96	94	249	169	392
Austurland	1018	1435	1308	1847	1616	1022	2110	1663	1652	1900	1723
<b>Samtals</b>	<b>15490</b>	<b>13021</b>	<b>13615</b>	<b>14215</b>	<b>13045</b>	<b>10961</b>	<b>15286</b>	<b>13314</b>	<b>13793</b>	<b>13483</b>	<b>13845</b>

## Kynbótastöð Suðurlands

Frjótæknarnir Bjarni Einarsson frá Hæli og Þráinn Bjarndal Jónsson frá Miklaholti létu af störfum á árinu eftir langt og gifturíkt starf. Bjarni hóf störf árið 1967 og Þráinn árið 1974. Báðir hafa þeir því framkvæmt vel á annað hundrað þúsund sæðingar og Bjarni ekið í sæðingum sem nemur hringveginum nærri 1900 sinnum og Þráinn um 1600 sinnum. Úlfhéðinn Sigurmundsson, Haga var ráðinn í stað Bjarna og fastráðnu starfsmönnum fækkaði um einn. Svæðaskipulaginu var breytt. Áltaverið var fært á Klaustursvæðið en því hafði verið sinnt frá Vík. Svæðin hliðrast síðan í vesturátt. Yfir álagstímamann er frjótæknir sem staðsettur er niður í Flóa á bakvakt, kemur inn á álagstímum, leysir af í fríum og veikindatilfellum. Um áramótin var vinnuskipulagi frjótækna breytt og fá þeir frí í 4 daga aðra hverja helgi. Birkir Þrastarson Hæli og Árni Gunnarsson Vík eru nýir afleysingamenn en auk þeirra sinna Guðmundur Jón Skúlason, Halldór Eiðsson og Samúel Eyjólfsson afleysingum.

Reksturinn á bílunum hækkaði lítillega eða úr 40,47 kr/ km með afskriftum í 42,62 kr/ km. Bíll af gerðinni Nissan Qashqai dísel var keyptur á árinu og kom hann í stað Kyrons jappa sem við seldum. Reynsla okkar af þessum Kyron bílum er ekki góð. Vélin í hinum jeppanum gaf upp öndina eftir 180 þúsund km akstur í lok ársins. Best er útkoman á nýja dísel jeppanum. Eyðslan aðeins 6,18 l/100 km og ef hann nær þessum eyðslu mun erum við að tala um 2400 lítra af olíu á ári í sparnað miðað við 60 þúsund km eða 500 þúsund kr ári miðað við 210 kr/l í eldsneytisverð án vsk. Reksturinn á honum kom einnig ótrúlega vel út eða 21,47 kr/km með

afskriftum. Þá komu 3 bílar með kostnað á bilinu 33 kr/ km og að 34 kr/km með afskriftum. Aðrir bílar voru mun óhagstæðari, m.a vegna bilana og svo erum við með einn varabíl MP-526, lítið keyrðan sem er á bláum númerum.

Klaufir voru snyrtar á 3.354 kúm á 84 bæjum en á 5 þeirra var komið tvívegis. Árið á undan var komið á 68 bæi og snyrtar klaufir á 2.469 kúm. Tekjur af klaufskurði voru líðlega 2,7 milljónir og því að meðaltali 823 kr á kú sem bóndinn greiðir sem er ívið lægri krónutala en fyrra ár. Kostnaður við klaufskurðinn er hinsvegar nærri 3,1 milljónir og er þá ótalinn rekstrarkostnaður við klaufskurðarbásinn og kerruna sem hann er á. Verð fyrir klaufskurð hækkaði í 5.000 kr á klst og komugjald 15.000 kr í ársbyrjun 2013. Þorsteinn Logi Einarsson og Birkir Þrastarson sinna klaufskurði.

Niðurstaða rekstrarreiknings fyrir utan fjármagnsliði er tap upp á 2.725 þúsundir en að teknu tilliti til þeirra, tap upp á 1.312 þúsundir. Síðustu 2 árin hafa Sunnlendingar fengið 2,8 milljónum á ári minna úr búnaðarlagasamningi vegna jöfnunar á aksturskostnaði. Sæðið frá nautastöðinni hækkaði um 27% milli ára. Laun hækkuðu m.a vegna þess að Sigríður Böðvarsdóttir, Fagurhlíð, kemur inn sem launamaður en dýralæknirinn sem var á Klaustri Gunnar Þorkelsson, sá um sæðingar austan Eldvatns sem verktaki. Sæðingagjöld hækkuðu því tvívegis á árinu. Fyrst úr 1200 kr á kú í 1600 kr á kú og síðast á árinu í 2000 kr á kú.

Ég var skipaður í nefnd til að fjalla um kosti og gallar þess að sameina sæðingastarfsemina í eitt fyrirtæki á landsvísi með það að markmiði að ein gjaldskrá gildi yfir alla. Sjónarmið nefndarmanna var misjafnt

### Rekstrarkostnaður sæðingabíla 2012

	Subaru Impreza 2006	Nissan QASHQAI	Nissan QASHQAI	Kyron 2009	Kyron 2009	HILux 2005	HILux 2010	HILux 2007	HILux 2007	Meðaltal sæðingabíla
	PP-033	MB-U77	KV-X56	IN-U96	SV-X55	KJ-647	YK-Z56	KZ-705	MP-526	
Eldsneyti	462.374	1.188.466	165.505	575.265	1.123.853	674.161	1.261.175	1.182.332	481.709	790.538
Dekk	56.622	114.469	2.543	9.500	140.529	142.109	26.647	154.633	12.806	73.318
Viðgerðir	335.964	0	0	230.071	714.089	23.308	87.593	255.323	192.048	204.266
Skattar	33.282	28.346	0	42.362	36.662	46.334	40.190	43.110	36.306	34.066
Tryggingar	95.460	138.446	20.791	89.977	108.747	102.811	102.881	103.102	102.811	96.114
Annað	6.773	0	0	23.585	1.993	36.698	0	8.202	8.500	9.528
Smurningur	60.152	89.599	19.992	22.382	124.344	0	129.073	87.473	0	59.224
Afskriftir/sölutap/hagn	83.423	382.223	66.328	1.374.472	327.611	97.135	368.534	78.477	150.575	325.420
<b>Samtals</b>	<b>1.134.050</b>	<b>1.941.549</b>	<b>275.159</b>	<b>2.367.614</b>	<b>2.577.828</b>	<b>1.122.556</b>	<b>2.016.093</b>	<b>1.912.652</b>	<b>984.755</b>	<b>14.332.256</b>
Áætlaður akstur á ári	25.496	57.329	12.815	26.852	51.500	28.753	60.866	54.990	17.662	336.263
Kostnaður á km án afskr.	41,21	27,20	16,30	36,99	43,69	35,66	27,07	33,35	47,23	33,91
Kostnaður á km m.afskr	44,48	33,87	21,47	88,17	50,05	39,04	33,12	34,78	55,76	42,62
Eldsneyti og skattar á km	4,01	2,41	1,62	4,23	2,15	4,85	1,69	2,02	6,30	3,26
Lítrar á 100 km.	9,02	10,31	6,18	10,25	10,44	11,22	9,91	10,29	10,41	9,78
Miðað við verð per líter	201 kr. bensín		209 kr. dísel							

en afstaða mín mótast m.a. af því að kúabændur á Suðurlandi eru ánægðir með það fyrirkomulag sem nú er. Þeir vilja fá að reka sitt fyrirtæki áfram. Stjórn Búnaðarsambandsins og Félag kúabænda á Suðurlandi hafa bæði ályktað um að standa vörð um sitt fyrirtæki. Það sjónarmið heyrir þó að gjaldskrá sé sem líkust yfir landið. Þau búnaðarsambönd sem vilja og þar með talið kúabændur reka sæðingastarfsemina áfram eiga að fá að gera það. Ef eitthvert búnaðarsamband óskar hinsvegar eftir því að sameinast öðrum um sæðingastarfsemina er eðlilegt að það sé skoðað. Í skoðanakönnun sem LK stóð fyrir nú fyrir skömmu kom fram að 84,5 % kúabænda á Suðurlandi sem svöruðu tóku undir það sjónarmið. Á landsvísi er þetta hlutfall 68,4 % eða nærri 70 %. Vilji þeirra kúabænda sem svöruðu könnuninni er skýr. Drifkrafturinn um

að sameina sæðingastarfsemina Nautastöðinni, er ekki kominn frá kúabændum að minnsta kosti þá ekki nema þá frá þeim 14,7% sem það vildu. Nú liggur fyrir erindi frá kúabændum í Austur-Skaftafellssýslu um að Kynbótastöð Suðurlands sjái um sæðingastarfsemina þar frá næstu áramótum. Á Suðurlandi hefur verið þátttökuhvetjandi kerfi sem hefur amk leitt til þess að menn spara ekki við sig sæðingar. Nefndin leggur til að þátttökuhvetjandi kerfi verði skoðuð frekar. Aukin þátttaka þýðir aukinn árangur í ræktunarstarfinu.

Að lokum þakkar undirritaður bændum og samstarfsfólki ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

*Sveinn Sigurmundsson*

## Fjármálaþjónustan

Enn var starfsemi á sviði fjármálaþjónustu Bssl árið 2012 í töluverðum mæli mörkuð af afleiðingum fjármálahrunsins 2008. Væntingar um að hraðar gengi að vinna að úrlausnum í kjölfar dóma um ólögmati gengistryggðra lána gengu ekki eftir nema að hluta. Í flestum málum var hægt að þoka málum áleiðis til bærilegrar niðurstöðu en allt þetta ferli tekur mikinn tíma og oft á tíðum fylgir mikil gagnaöflun varðandi rekstur einstakra búa. Hjá Arionbanka var í gangi seinni hluti endurútreiknings m.t.t. vaxta en þar er enn hluti kúabænda með ákveðna óvissu með svokölluð biðlán og meðferð þeirra. Þau hafa verið veitt til þriggja ára, án vaxta og afborgunar í þeim tilvikum þegar rekstur stendur ekki undir heildarskuldum. Hvað tekur við að loknum þessum þremur árum er ekki vitað en ljóst að mínu mati að samtök bænda verða að beita sér til að ná ásættanlegri niðurstöðu fyrir þennan hóp búa eftir þessi þrjú ár. Hjá Landsbankanum er lokið málum sem tengjast fyrri hluta endurútreiknings en gengið hefur hægt að fá viðurkenndan rétt á endurreikningi m.t.t. upphaflegra vaxta. Vonandi næst bærileg niðurstaða í þau mál á næstunni. Hjá Íslandsbanka fór fram fyrri endurútreikningur á sínum tíma m.t.t. ólögmetis þeirra gengistryggðu lána sem þar voru veitt. Á liðnu ári kom síðan hæstaréttardómur með tilliti til ákveðins lánsforms og þar var dæmt á þann veg að um væri að ræða löglegt erlent lán og lán til bænda sem voru veitt af bankanum á sínum tíma eru, að því að virðist, með samskonar lánsformi.

Eftir stendur að aðstöðumunur lántakenda verður enn sýnilegri þ.e. hvort menn tóku „erlent lán“ eða héldu sig við íslensku verðtryggðu lánin. Engar leiðréttingar er þar að hafa enn.

Fyrir utan þessa vinnu varðandi skuldamál bænda var fjármálaþjónusta sem Bssl veitti á árinu 2012 fjölbreytt að efni og umfangi. Má nefna skattaráðgjöf, mat á rekstrarformi, aðstoð við breytingu á eignarhaldi, ráðgjöf varðandi kaup og sölu eigna, umsóknir í Framleiðnisjóð og í kjölfarið úttektir og loks lánaumsóknir. Vægi rekstraráætlana í þjónustunni var verulegt á árinu. Til viðbótar komu áætlanir gagnvart mögulegum kaupum á kvóta í gegnum kvótamarkað en bankaútibúin báðu oft um skoðun á hagkvæmni slíks fyrir viðkomandi bú. Hins vegar var þungamiðjan í fjármálaráðgjöfinni eins og áður, margvísleg þjónusta varðandi rekstrarverkefni. Þar bar hæst verkefnið SUNNA.

### SUNNA

Á undanförunum árum hefur fastur kjarni kúabúa á Suðurlandi tekið þátt í SUNNU-verkefnum. Alls voru unnar rekstrargreiningar fyrir rúmlega 60 kúabú árið 2012 vegna rekstrar 2011, 45 bú voru í sameiginlegu uppgjöri í ár, þar sem eingöngu var horft á sérhæfð kúabú. Þessu til viðbótar voru 17 SUNNU-búanna með umtalsverðar aðrar tekjur, s.s. sauðfjárrækt, vélavinnu o.s.frv. Þessum búum fjölgaði nokkuð á árunum 2010 og 2011. Ástæðan fyrir þessari fjölgun kann að vera aukin fjölbreytni í rekstri sem treystir betur rekstrargrunninn. Einnig gæti spilað inn í nauðsyn búanna til að sækja tekjur utan bús, til að standa undir áhvílandi skuldbindingum.

SUNNU-búin voru árið 2011 með tæpan þriðjung af innveginni mjólk hjá MS-Selfossi. Við samanburð á rekstrartölum milli ára, er raunhæfast að bera saman sömu bú milli ára Í töflu 1 er að finna helstu lykiltölur

rekstrarreiknings fyrir árin 2010 og 2011 á verðlagi ársins 2011, fyrir sömu 40 sérhæfðu kúabúin bæði árin. Allar tölur eru uppfærðar miðað við verðlag 2011.

Tafla 1. Lykiltölur sömu SUNNU-búanna árin 2010 og 2011.

SUNNA	2010 kr/l	2011 kr/l	Breyting %
Búgreinatekjur	134,9	139,6	3,6%
Breytilegur kostnaður	52,7	56,4	7,0%
Framlegð	82,2	83,2	1,2%
Fastur kostnaður	46,6	48,6	4,3%
Afskriftir	21,0	23,9	13,9%
Skuldir/velta	2,4	1,8	-27,0%
Framlegðarstig	60,9%	59,7%	

Eins og sést í töflunni hækkuðu tekjur búanna, kr/l, milli ára. Breytilegur kostnaður hækkar, sérstaklega á kjarnföðri og í rekstri búvéla, mælistærðin er ávallt kr/l. Í heild lækkar framlegðarstig þessara búa sömu búa að meðaltali frá 60,9% í 59,7% milli árunna 2010 og 2011 sem verður að teljast góður árangur miðað við erfið ytri skilyrði.

Fastur kostnaður þessara búa hækkar milli ára, inn í þessu lið er einnig sett launakrafa á rekstur. Afskriftir hækka hins vegar verulega. Þar eru það einkum afskriftir vegna véla og tækja sem aukast milli ára sem bendir til þess að bændur hafi loks farið aftur af stað með endurnýjun véla og tækja eftir aðhald síðustu ár. Skuldir þessara 40 búa lækkuðu milli ára, úr tæplega 83 milljónum í tæplega 63 milljónir, að hluta er þarna um að ræða endurútreikninga á erlendum ólögsmætum lánnum að ræða. Samhliða lækkaði skuldahlutfallið úr 2,4 í 1,8 milli ára á þessum búum.

Reynt var að koma niðurstöðum rekstrargreininga til bænda í kjölfar þess að ársreikningar viðkomandi búa lágu fyrir og inn í rekstrargreiningunni er innifalin SVÓT-greining þar sem bent er á sterkar og veikar hliðar í rekstri viðkomandi bús og jafnframt lítið á fyrri ár, hvort breyting hafi orðið á áherslum í bústjórninni milli ára. Í lok ársins var öllum þátttakendum sent samanburðarblað þar sem viðkomandi bú gat séð hvar það stendur m.t.t. einstakra þátta í samanburði við önnur bú í verkefninu.

### Rekstrar-, fjárfestingar- og endurfjármögnunaráætlanir

Unnar voru sérhæfðar áætlanir vegna fjárhagsvanda, búskaparloka eða kynslóðaskipta fyrir tæplega 50 bú. Í sumum tilvikum var um að ræða nokkrar áætlanir fyrir hvert bú. Rekstrar- og endurfjármögnunaráætlanir tóku mestan tíma og þurfti í sumum tilvikum að leggja verulega vinnu í þennan þátt. Jafnframt var oft einnig um að ræða eftirfylgni með ábúendum til banka og fjármögnunarfyrirtækja.

#### Að lokum

Með breytingum á ráðgjafaþjónustunni sem tóku gildi um síðustu áramót munu verða umtalsverðar breytingar á fjármálaráðgjöf innan landbúnaðarins. Líklegt má telja að árið 2013 verði mótunarár á því sviði. Boðið verður áfram upp á SUNNU-verkefnið fyrir þá sem það vilja vegna rekstrar ársins 2012 en væntanlega mun sú aðferðafræði verða endurskoðuð á árinu og ný heildstæð búrekstrarverkefni birtast í lok árs 2013 – Þar er m.a. annars verið að horfa á þróunarverkefni fyrir kúabændur sem ber vinnuheitid „Betri bústjórn“

Þó svo þessar breytingar munu eiga sér stað á þessu ári þá breytir það ekki því að rekstrarvitund í landbúnaðarframleiðslu hefur sjaldan verið mikilvægari en nú. Ljóst er að erfiðar er en áður að fá aðfangahækkanir uppbornar með hækkanði afurðaverði. Hagræðing er því eina raunhæfa svarið til að halda ásættanlegri afkomu.

Grunnurinn fyrir hagræðingunni er rekstrarvitund, sem byggir á því að átta sig á vægi einstakra kostnaðarliða í rekstrinum í heild. Hér skiptir líka miklu máli að átta sig á heildarmyndinni af rekstrinum og hvort einstakar búgreinar á búinu eru að skila viðunandi rekstrarafkomu.

*Runólfur Sigursveinsson*

**Guðmundur Jóhannesson**  
**nautgriparæktarráðunautur**

**Nautgriparæktin 2012**

# Skýrsluhaldið og ræktunarstarfið

Á árinu 2012 komu 216 bú til uppgjörs eða tveimur búum fleira en árið áður. Afurðir eftir árskú jukust nokkuð milli ára og enduðu í 5.657 kg mjólkur sem er 151 kg meira en árið áður. Afurðir á árskú á Suðurlandi hafa aldrei verið meiri en nú. Samkvæmt reiknuðum tölum út frá kýrsýnum fyrir fitu- og próteininnihald hækkaði efnainnihald milli ára, fituhlutfall hækkaði um 0,03 prósentustig í 4,19%, og próteinhlutfall hækkaði úr 3,37% í 3,40%.

**Tafla 1. Fjöldi skýrslubúa og meðalafurðir 2001-2012.**

ÁRSKÝR					
Ár	Bú	Fjöldi	Kg mjólk	Fita%	Prótein%
2001	253	7.050	4.997	4,04	3,37
2002	248	7.343	5.147	4,01	3,40
2003	247	7.303	5.210	4,03	3,39
2004	236	7.295	5.418	4,02	3,37
2005	240	7.572	5.488	4,01	3,38
2006	234	8.182	5.578	3,95	3,40
2007	226	8.619	5.579	4,02	3,41
2008	218	8.333	5.490	4,13	3,40
2009	221	8.875	5.440	4,15	3,37
2010	216	8.684	5.424	4,15	3,34
2011	214	8.846	5.506	4,16	3,37
2012	216	8.821	5.657	4,19	3,40

Ef þessar tölur eru bornar saman við efnainnihald innleggsmjólkur eru kýrsýnin að skila nokkru hærri tölum og því innihalda listar yfir afurðir búa í verðefnum tölur sem reiknaðar eru út frá efnatölum innleggsmjólkur. Samkvæmt tölum yfir innleggsmjólk var efnainnihald mjólkurinnar 4,11% fita og 3,32% prótein og afurðir í verðefnum því 420 kg MFP/árskú árið 2012 eða 14 kg meiri en árið áður. Sömu þróun er að sjá á innleggsmjólk og kemur fram í kýrsýnum, hlutfall verðefna í mjólk hækkar milli ára.

### Þátttaka í skýrsluhaldi

Þátttaka í skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar jókst heldur milli ára og er það vel. Því miður standa enn nokkur stór bú utan skýrsluhalds, einkum í Rangárvallasýslu. Þátttakan er nú 92,6% miðað við mjólkurinnlegg samanborið við 91,5% árið áður. Mest er þátttakan í Nrf. Hvammshr., Hvolhr., Holta, Djúpárhrepps, Hraungerðishr. og Ölfuss og

Biskupstungna og Grímsness þar sem öll bú eru þátttakendur í skýrsluhaldi nú. Þátttaka er einnig mjög góð í A-Skaft. (97%), Dyrhólahr. (95%), Rangárvöllum (95%), Skeiða- og Gnúpverjahr. (96%) og Hrunamannahr. (98%). Minnsta þátttöku er að finna í Ásahreppi (76%). Fjöldi nautgriparæktarfélaganna er sá sami og árið áður eða 20 talsins.

**Tafla 2. Nautgriparæktarfélagin, stærð, hlutfallsleg þátttaka og mjólkurnýting 2012.**

Nautgriparæktarfélag:	Fjöldi búa		Innlegg umreiknað í kg	Þátttaka	
	Í árslok	Í skýrsluhald		(%) m.v. innlagða mjólk	Mjólkurnýting (%) Meðalnyt skv. skýrslum/innlegg
A-Skaftfellinga	13	11	2.324.575	97	96,0
Leiðólfur, Skaftárh.	25	18	2.442.262	84	90,7
Hvammshrepps	3	3	392.429	100	98,4
Dyrhólahrepps	8	7	1.026.976	95	94,1
Eyfellingsa	20	17	4.228.559	88	94,9
A-Landeyja	21	17	5.090.574	86	96,3
V-Landeyja	8	7	1.975.182	81	93,0
Flijótshlíðar	6	5	1.175.279	87	94,6
Hvolhrepps	4	4	925.223	100	101,2
Rangárvalla	7	6	1.480.771	95	97,3
Landsveitar	4	4	733.089	100	88,9
Holta	9	9	1.551.816	100	86,8
Búbót, Ásahr.	4	3	762.360	76	94,2
Djúpárhrepps	2	2	744.477	100	98,5
Flóamanna	27	24	5.293.217	87	93,3
Hraungerðishr. og Ölfuss	12	13	2.639.161	100	92,0
Skeiða og Gnúpverja	27	26	7.716.155	96	96,1
Hrunamanna	22	22	6.017.837	98	93,2
Biskupstungna og Grímsness	13	13	3.181.277	100	95,3
Laugdæla	6	5	1.204.223	88	100,6
<b>Alls:</b>	<b>241</b>	<b>216</b>	<b>50.605.442</b>	<b>92,6</b>	<b>94,5</b>

### Fjöldi búa

Á árinu hættu 6 bú mjólkurframleiðslu á svæðinu og þau voru því 241 talsins í lok ársins. Árið 1976 voru mjólkurframleiðendur hér 693 talsins en 241 í árslok í fyrri eins og áður sagði. Á þessum 37 árum hefur búum því fækkað um 65% eða um 1,02 bú á mánuði.

### Fjöldi kúa og bústærð

Í töflu 3 má sjá yfirlit yfir fjölda árskúa og bústærð eftir félögum. Árskúm fækkaði milli ára úr 8.846,3 í 8.821,3. Meðalbústærð m.v. árskúr jókst hins vegar úr 41,4 í 41,9 árskúr og hefur aldrei verið meiri. Meðalinnlegg á skýrslubú með innlegg allt árið er 222.963 kg mjólkur samanborið við 216.518 kg árið áður.



**Tafla 3. Árskúafjöldi og meðalbústærð í nautgriparæktarfélagunum 2012.**

Nautgriparæktarfélag	Árskýr	Árskýr á bú*	Innlegg á bú, kg*
A-Skaftfellinga	397,3	36,1	205.148
Leiðólfur, Skaftárh.	449,3	25,0	114.060
Hvammshrepps	79,9	26,6	130.810
Dyrhólahrepps	224,2	32,0	138.770
Eyfellinga	683,5	40,2	217.733
A-Landeyja	777,1	48,6	271.971
V-Landeyja	300,0	47,8	229.470
Fljótshlíðar	200,8	50,2	249.618
Hvollhrepps	201,7	50,4	231.306
Rangárvalla	270,6	45,1	234.533
Landsveitar	145,7	36,4	183.272
Holta	304,1	33,8	172.424
Búbót, Ásahr.	96,8	32,3	192.170
Djúpárhrepps	120,0	60,0	372.238
Flóamanna	882,1	38,4	199.422
Hraungerðishr. og Ölfuss	482,1	40,2	214.056
Skeiða og Gnúpverja	1.259,0	48,4	285.173
Hrunamanna	1.073,1	50,1	276.293
Biskupstungna og Grímsness	622,0	47,8	244.714
Laugdæla	223,2	44,6	213.096
<b>Alls:</b>	<b>8.821,3</b>	<b>41,9</b>	<b>222.963</b>

\* Aðeins bú í skýrsluhaldi og með innlegg allt árið eru reiknuð með í meðalstærðum

Stærsta félagið m. v. fjölda árskúa er eins og undanfarin ár Nrf. Skeiða- og Gnúpverja sem telur 1.259,0 árskýr. Nrf. Hrunamanna er næst stærst með 1.073,1 árskýr og síðan kemur Nrf. Flóamanna með 882,1 árskýr. Bú eru stærst í Nrf. Djúpárhrepps með 60,0 árskýr/bú og meðalinnlegg upp á 372.238 kg mjólkur. Þá eru bú stór í Nrf. A-Landeyja, Nrf. Fljótshlíðar, Nrf. Hvollhrepps, Nrf. Rangárvalla, Nrf. Skeiða- og Gnúpverja, Nrf. Hrunamanna Nrf. Biskupstungna og Grímsness. Í þessum félögum lætur nærri að meðalbúið sé um 50 árskýr og meðalinnlegg á bilinu 230-290 þús. kg mjólkur. Minnst eru bú í Nrf. Leiðólfi í Skaftárhreppi með 25,0 árskýr og 114.060 kg meðalinnlegg og fyrrum Hvammshreppi í Mýrdal þar sem meðalbúið telur 26,6 árskýr með meðalinnlegg upp á 130.810 kg mjólkur. Meðalbústærð fer nú heldur vaxandi á nýjan leik en sú þróun tekur einkum mið af verði á greiðslumarki og umframmjólk.

### Afurðir

Í töflu 4 má sjá afurðir á árskú eftir félögum. Meðalafurðir á árskú aukast annað árið í röð eftir að hafa dregist saman næstu þrjú ár á undan. Þannig jukust afurðir á árskú frá árinu áður um 151 kg og voru meðalafurðir 5.657 kg á árskú. Ástæður þessarar afurðaaukningar eru án efa margháttaðar. Búin eru að stækka án þess að kúnum fjölgi sem þýðir að hver og ein kýr þarf að mjólka meira. Góð kornuppskera á án efa sinn þátt í afurðaaukningunni auk þess sem fôðrun og aðbúnaður almennt fer stöðugt batnandi. Þá hefur júgurheilbrigði batnað til muna frá því sem áður var. Mjólkurnýting, þ.e. það hlutfall framleiddrar mjólkur sem skilar sér í mjólkurbú, er nánast óbreytt frá fyrra ári en hækkar þó heldur. Þannig eykst innlagt magn á árskú meira en skýrslufærðar afurðir eða um 157 kg og

mjólkurnýtingin reiknast 94,5% samanborið við 94,3% árið áður. Það er mikilvægt að halda mjólkurnýtingunni sem hæstri en það hlýtur að skila betri rekstri því kostnaður við að framleiða mjólk er sá sami hvort sem hún lögð inn eður ei.

**Tafla 4. Meðalafurðir á árskú í einstökum félögum árið 2012**

Nautgriparæktarfélag:	Afurðir árskúa		Efnainnih. innleggsmjólk		
	Mjólk, kg	MFP, Kg*	Innlegg á árskú, kg**	Fita %	Próteín %
A-Skaftfellinga	5.914	440	5.680	4,15	3,29
Leiðólfur, Skaftárh.	5.037	369	4.570	3,98	3,34
Hvammshrepps	4.989	366	4.912	4,06	3,27
Dyrhólahrepps	4.602	321	4.333	3,94	3,24
Eyfellinga	5.705	425	5.415	4,15	3,30
A-Landeyja	5.814	433	5.600	4,16	3,29
V-Landeyja	5.756	424	5.376	4,03	3,33
Fljótshlíðar	5.254	393	4.972	4,16	3,33
Hvollhrepps	4.525	338	4.587	4,16	3,31
Rangárvalla	5.342	397	5.200	4,08	3,34
Landsveitar	5.657	423	5.031	4,11	3,37
Holta	5.880	441	5.103	4,15	3,35
Búbót, Ásahr.	6.321	470	5.956	4,09	3,34
Djúpárhrepps	6.297	465	6.204	4,06	3,33
Flóamanna	5.571	420	5.200	4,16	3,38
Hraungerðishr. og Ölfuss	5.789	429	5.328	4,07	3,35
Skeiða og Gnúpverja	6.130	456	5.889	4,10	3,33
Hrunamanna	5.922	439	5.520	4,11	3,31
Biskupstungna og Grímsness	5.368	397	5.115	4,09	3,30
Laugdæla	4.745	350	4.774	4,05	3,32
<b>Suðurland:</b>	<b>5.657</b>	<b>420</b>	<b>5.346</b>	<b>4,11</b>	<b>3,32</b>

\* Afurðir í kg verðefna (MFP) eru reiknaðar út frá efnainnihaldi í innleggsmjólk

\*\* Innlegg á árskú er reiknað fyrir bú með innlegg og skýrsluhald allt árið

Að þessu sinni náðu 16 félög af 20 yfir 5.000 kg meðalafurðum eftir árskú og þar af eru þrjú félög með meira en 6 þús. kg/árskú. Afurðir voru mestar í Nrf. Búbót í Ásahreppi 6.321 kg/árskú, Nrf. Djúpárhrepps 6.297 kg/árskú og Nrf. Skeiða og Gnúpverja 6.130 kg/árskú. Minnstar eru afurðir í félögum í V-Skaft. og í fyrrum Hvollhreppi eins og sjá má í töflu 4.

### Afurðahæstu búin

Að þessu sinni náðu sex bú yfir 7.000 kg mjólkur eftir árskú sem er þremur færra en árið áður. Fjöldi búa með afurðir á bilinu 6.000 til 6.999 kg á árskú er 68 eða 23 fleiri en árið áður. Í töflu 5 gefur að líta afurðahæstu bú á Suðurlandi 2012 raðað eftir samanlögðum kg MFP.

**Tafla 5. Afurðahæstu bú á Suðurlandi 2012. Bú með 510 kg MFP/árskú eða meira.**

Bóndi	Bú	Árskýr	Mjólk	MFP
Arnfríður og Jón Viðar	Dalbæ	51,4	7.525	565
Eggert, Jón og Páll	Kirkjulæk 2	43,4	7.454	564
Sveinn og Katrín	Reykjahlíð	63,1	7.492	560
Sigurlaug og Ólafur	Hraunkoti	15,3	7.577	558
Félagsbúið	Ytri-Skógum	22,4	7.467	541
Rúnar og Birna	Reykjum	53,6	6.977	535
Arakot ehf.	Arakoti	33,9	6.899	523
Egill Sigurðsson	Berustöðum	61,1	6.974	521
Félagsbúið	Hlemmiskeiði 2	62,9	6.890	519
Ólafur og Ásta	Hrepphólum	51,3	6.940	519
Samúel og Þórunn	Bryðjuholti	43,2	6.710	517
Berglind og Arnar Bjarni	Gunnbjarnarholti	109,3	6.963	515
Félagsbúið	Selalæk	53,1	7.044	513

\* Afurðir í kg verðefna (MFP) eru reiknaðar út frá efnainnihaldi í innleggsmjólk

Afurðahæsta búíð reyndist vera bú Arnfríðar og Jóns Viðars í Dalbæ í Hrunamannahreppi með 7.525 kg mjólkur og 565 kg MFP eftir árskú. Í Dalbæ hafa afurðir lengi verið miklar og góðar en vaxið jafnt og þétt síðasta áratuginn. Fyrir nokkrum árum var fjósinu breytt í legubásafjós með stuttum fódurgangi og mjaltþjóni. Ábúendur eru áhugasamir um nautgriparækt og vel er búíð að gripunum og afurðir eftir því. Kýrnar eru langræktaðir gripir en á árum áður á tímum kúasýninga á fjögurra ára fresti stóðu Dalbæjarkýrnar oft í efstu sætum í hinu stóra nautgriparæktarfélagi í Hrunamannahreppi.

Í öðru sæti er bú þeirra Eggerts, Jónu og Páls í Kirkjuælk í Fljótshlíð með 7.454 kg mjólkur og 564 kg MFP eftir árskú. Búíð á Kirkjulæk hefur um langa hríð verið meðal afurðahæstu búa landsins og oft afurðahæst. Þar hafa afurðir verið vel yfir 7.000 kg um

þó nokkurra ára skeið sem sýnir vel hve vinnubrögðin eru öguð, vönduð og vel haldið utan um fódrun og hirðingu gripanna. Á árinu var ráðist í breytingar á fjósinu á Kirkjulæk, byggður mjaltabás og fjósinu breytt í legubásafjós. Þrátt fyrir þá röskun sem slíkt hefur í för með sér skiluðu kýrnar sínu eins og ávallt enda umhirða þeirra höfð í öndvegi.

Þriðja afurðahæsta búíð er bú þeirra Sveins og Katrínar í Reykjahlíð á Skeiðum með 7.492 kg mjólkur og 560 kg MFP eftir árskú. Þar var einnig staðið í framkvæmdum á síðasta ári, aðstaða til fódurblöndunar stækkuð og skipt um þak á eldri hluta fjóssins. Áhrif þess koma ekki fram í afurðum gripanna sem eins og ætíð ganga fyrir. Fódrun, aðbúnaður gripa og snyrtimenska til mikillar fyrirmyndar á þessu búi sem fyrr. Í Reykjahlíð er legubásafjós með mjaltþjón og heilfóðrun.



1968-69	10.866	156	148	26,4	16,1	20,6
1970-71	10.823	153	146	28,2	16,5	21,2
1972-73	12.267	168	158	29,5	17,0	24,0
1974-75	15.742	171	161	29,4	17,0	24,2
1976-77	20.647	171	158	29,2	17,0	23,8
1978-79	23.298	170	157	28,2	16,2	22,7
1980-81	25.976	172	160	29,8	17,0	24,4
1982-83	24.337	172	158	27,6	16,1	22,4
1984-85	23.707	170	156	29,2	16,8	23,4
1986-87	23.174	174	160	29,0	16,7	23,7
1988-89	23.416	174	160	29,0	16,5	23,7
1990-91	21.984	174	160	29,2	16,6	23,4
1991-92	19.992	177	162	29,2	16,6	24,0
1992-93	19.377	177	162	30,6	17,2	25,6
1993-94	19.285	181	166	31,0	17,3	26,1
1994-95	20.229	183	169	28,9	16,2	24,6
1995-96	19.807	180	167	28,8	16,0	24,2
1996-97	20.589	181	167	29,2	16,3	24,6
1997-98	21.959	178	164	29,8	16,5	24,7
1998-99	23.277	182	166	29,8	16,4	25,0
1999-00	26.134	180	164	31,8	17,2	26,2
2000-01	27.594	182	166	31,7	17,2	26,3
2001-02	27.691	181	164	31,4	17,4	25,9
2002-03	31.036	181	165	32,2	17,5	26,6
2003-04	40.882	181	164	31,7	17,2	25,8
2004-05	41.223	181	164	32,1	17,3	26,3
2005-06	41.556	181	164	32,4	17,5	26,3
2006-07	41.983	185	167	31,5	17,1	26,2
2007-08	42.560	182	163	31,6	16,9	25,7
2008-09	42.793	180	163	31,7	17,2	26,0
2009-10	45.813	180	163	32,2	17,5	26,4
2010-2011	50.678	181	163	32,1	17,3	26,2
2011-2012	52.823	179	163	33,1	17,9	27,1

Í töflu 7 er yfirlit yfir afurðapróun á Suðurlandi frá 1968-2012. Afurðir 2012 á Suðurlandi eru 27,1 kg eftir hverja skýrslufærða á sem eru metaforðir. Við samanburð í þessari töflu þarf að horfa til þess að farið var að gera upp sauðfjárskýrslurnar í nýjum skýrsluhaldsgrunni frá 2007 eins og áður er getið hér í greininni. Afurðatölurnar frá 2007 eru óleiðréttar við eldri ár og sýna því í raun 3% minna reiknað magn af dillkakjöti en árin fyrir 2007.

Fanney Ólöf Lárusdóttir

# Sauðfjárskýrsluhald í Austur-Skaftafellssýslu 2012

## Úr skýrslum fjárræktarfélaganna 2012

Í töflu 1 er yfirlit yfir afurðaskýrsluhald sauðfjarræktarfélaganna í Austur-Skaftafellssýslu 2012. Þar kemur fram að skýrsluhaldarar eru 48, þremur fleiri en árið 2011. Skýrslufærðar ær eru 14.201 og hefur fjölgað um 384 á milli ára. Eins og undanfarin ár eru flestar ær á skýrslu í Sf. Örfæinga. Mestar afurðir eftir hverja á eru í sf. Örfæinga (30,5 kg). Afurðir eftir hverja á í sýslunni eru 27,3 kg sem er meira en árið 2011 (25,9). Flest lömb fædd eftir hverjar 100 ær eru í Sf. Suðursveitar 190 lömb. Flest lömb til nytja eftir hverjar 100 ær eru í Sf. Örfæinga 175 lömb.

Gæðaflokkun sláturlamba í sauðfjarræktarfélagunum í Austur-Skaftafellssýslu kemur fram í töflu 2. Meðaltal fyrir gerð er 8,72 sem er heldur meira en og árið 2011 (8,49), og yfir landsmeðaltali. Meðaltal fyrir fitu er 6,62 sem er aðeins hærra en árið 2011 (6,21) og heldur hærra en landsmeðaltalið. Fallþungi er að meðaltali í Austur-Skaftafellssýslu 16,28 kg og er kíló meira en 2011 (15,25). Öll fjárræktarfélögin eru með 8,5 eða meira í einkunn fyrir gerð en þau voru þrjú árið 2011. Hæsta hlutfall milli gerðar og fitu er í sf. Örfæinga 1,35.

Tafla 1. Yfirlit yfir afurðaskýrsluhald sauðfjarræktarfélaganna 2012

Fjárræktarfélag	Fjöldi félaga	Fjöldi áa á skýrslu	Reikn. kjötpungi			Kjöt %	Lömb á 100 ær fædd til nytja	
			Tvíl.	Einl.	Hverja á			
Lónsmanna	6	1.639	32,2	17,9	26,9	40,9	179	165
Nesjamanna	3	1.749	32,8	17,8	27,2	42,1	183	163
Nesjahrepps	10	2.459	32,8	17,7	26,0	41,1	173	156
Mýrahrepps	8	2.018	32,0	18,1	25,9	40,1	180	160
Suðursveitar	12	2.728	33,2	17,6	28,2	40,0	190	170
Örfæinga	9	2.882	34,6	18,6	30,5	40,2	184	175
<b>Austur-Skaftafellssýsla</b>	<b>48</b>	<b>14.201</b>	<b>32,8</b>	<b>17,8</b>	<b>27,3</b>	<b>40,5</b>	<b>181</b>	<b>164</b>
<b>Landið allt</b>		<b>342.953</b>	<b>32,8</b>	<b>18,1</b>	<b>27,3</b>	<b>41,4</b>	<b>180</b>	<b>164</b>

Tafla 2. Gæðaflokkun dilka í Austur-Skaftafellssýslu 2012

Fjárræktarfélag	Fjöldi				
	dilka	Fallþ.	Gerð	Fita	Hlutfall
Lónsmanna	2.434	16,06	8,94	6,68	1,34
Nesjamanna	2.591	16,47	8,78	6,91	1,27
Nesjahrepps	3.407	16,54	8,64	6,75	1,28
Mýrahrepps	2.796	15,94	8,71	6,61	1,32
Suðursveitar	4.306	16,35	8,83	6,62	1,33
Örfæinga	4.011	16,83	8,78	6,51	1,35
<b>Austur-Skaftafellssýsla</b>	<b>20.413</b>	<b>16,28</b>	<b>8,72</b>	<b>6,62</b>	<b>1,32</b>
<b>Landið</b>	<b>512.636</b>	<b>16,31</b>	<b>8,63</b>	<b>6,59</b>	<b>1,31</b>

Tafla 3. Bú með 8,5 eða meira fyrir gerð 2012.

Eigandi	Bú	Fjöldi	Fallþ.	Gerð	Fita	Hlutfall
Jón Þorsteinsson	Kirkjubraut 62	52	19,6	11,46	8,40	1,36
Reyðarártindur ehf	Reyðará	9	19,4	10,67	8,44	1,26
Hallur og Elinborg	Vesturbraut 13	11	18,4	10,18	8,36	1,22
Ragnar Sigurðsson	Gamlagarði	10	16,0	10,10	7,50	1,35
Marteinn og Þorbjörg	Ártúni	438	19,4	10,02	7,93	1,26
Sveitabýlið	Setbergi	337	17,9	9,99	7,55	1,32
Ármann og Hólmfríður	Svínafelli 2 Víðihlíð	744	17,9	9,31	7,09	1,31
Austurfell ehf	Svínafelli	76	21,4	9,30	8,68	1,07
Víðir Guðmundsson	Holtahólum	417	17,4	9,21	7,24	1,27
Brunnavallabúið	Brunnavöllum	276	16,2	9,21	6,92	1,33
Kristín Laufey Jónsdóttir	Hlíð	759	16,1	9,20	6,68	1,38

Félagsbúið	Hvammi	669	16,5	9,14	7,02	1,30
Fjölirnir Torfason	Hala	181	19,1	9,14	7,51	1,22
Félagsbúið	Gerði	690	17,1	9,08	6,71	1,35
Ari og Anna	Hólabrekku	354	16,0	9,08	6,85	1,33
Björn Ísleifur Björnsson	Hestgerði	339	17,3	9,06	6,96	1,30
Olga Friðjónsdóttir	Brekku	128	16,3	9,05	7,02	1,29
Eiríkur Egilsson	Seljavöllum	40	17,7	9,05	8,70	1,04
Áslaug og Óskar	Vík	431	17,0	9,02	6,83	1,32
Bjarni Ingvar og Erla Rún	Viðborðsseli 1	395	17,4	8,97	7,92	1,13
Jóhann og Hafdís	Svínafelli 1	344	16,8	8,97	6,72	1,33
Magnús Guðjónsson	Hólmi	110	15,4	8,95	6,55	1,37
Katrín Lilja Haraldsdóttir	Hlíðarbergi	73	15,7	8,95	6,71	1,33
Örn Bergsson	Hofi 1 Eystríbæ	474	16,8	8,92	6,70	1,33
Bjarni og Ásthildur	Fornustekkum	1899	16,4	8,91	6,90	1,29
Miðskersbúið	Miðskeri	74	17,1	8,85	7,73	1,14
Bjarni og Þórey	Kálfafelli 2	689	17,0	8,84	6,71	1,32
Gunnar Sigurjónsson	Litla-Hofi	567	16,3	8,81	6,02	1,46
Ólafur Halldórsson	Tjörn	90	17,9	8,73	7,09	1,23
Guðlaugur J Þorsteinsson	Lækjarhúsum	441	15,6	8,71	6,13	1,42
Félagsbúið Bjarnanes	Bjarnanesi	1342	16,4	8,65	6,75	1,28
Inga Ragnheiður Magnúsdóttir	Svínafelli 3 Bólta	430	19,0	8,63	7,28	1,19
Sigurjón Arnar Bjarnason	Hofi 4 Hofskoti	340	15,9	8,63	6,06	1,42
Kistugil ehf	Skálafelli 1	317	15,7	8,63	6,53	1,32
Nýpugarðar ehf	Nýpugörðum	773	15,3	8,61	6,34	1,36
Jón Malmquist Einarsson	Jaðri	719	15,8	8,56	6,53	1,31
Úlfar Helgason	Hoffelli 1	91	15,2	8,56	6,42	1,33
Sigurður Ingimundarson	Hnappavöllum 5	612	16,3	8,55	5,91	1,45

Í Austur-Skaftafellssýslu eru 38 bú með 8,5 eða meira í einkunn fyrir gerð, 12 fleiri en árið 2011, þau má sjá í töflu 3. Raðað er eftir gerðareinkunn en breytilegt er hver einkunn fyrir fitu og hver fallþunginn er á þessum búum. Af þessum 38 búum eru 10 sem slátra færri en 100 lömbum.

Árið 2007 var farið að gera upp sauðfjárskýrslur í nýjum skýrsluhaldsgrunni en þar er grunnur dilka-kjötsframleiðslunnar kaldvigt í stað blautvigtar áður en þetta þýðir um 3% minna reiknað magn af dilkakjöti

en áður og því þarf að hafa þetta í huga við samanburð á milli ára. 29 kg eftir hverja á í dag leggur sig nánast að jöfnu við 30 kg eftir hverja á árið 2006 og árin þar á undan. Því er birt í töflu 4 yfirlit yfir þau bú sem hafa 29 kg eða meira eftir hverja á. Á þessum lista eru 19 bú. Efst á listanum er Austurfell ehf Svínafelli með 38,0 kg eftir hverja á. Næst kemur Fjölirnir Torfason Hala með 37,3 kg eftir hverja á. Af þessum 19 búum eru 7 sem eru með færri en 100 ær.

Fanney Ólöf Lárusdóttir

Tafla 4. Bú með 29 kg eða meira eftir hverja á 2012

Eigandi	Bú	Fjöldi	Kjötþungi	Lömb	
		áa	e. hverja á	fædd	til nytja
Austurfell ehf	Svínafelli	51	38,0	1,88	1,75
Fjölirnir Torfason	Hala	104	37,3	2,03	1,92
Inga Ragnheiður Magnúsdóttir	Svínafelli 3 Bólta	361	37,1	2,04	1,90
Marteinn og Þorbjörg	Ártúni	278	34,0	1,88	1,73
Miðskersbúið	Miðskeri	40	33,8	2,10	1,93
Ármann og Hólmi	Svínafelli 2 Viðihlið	550	33,1	1,89	1,78
Guðjón Bergsson	Hofi 1 Eystríbæ	2	32,4	2,00	2,00
Ólafur Halldórsson	Tjörn	60	32,3	1,98	1,76
Jón Þorsteinsson	Kirkjubraut 62	35	32,0	2,03	1,63
Ragnar Sigurðsson	Gamlagarði	5	32,0	2,20	2,00
Sveitabýlið	Setbergi	214	31,8	1,85	1,74
Félagsbúið	Gerði	406	31,5	2,05	1,81
Örn Bergsson	Hofi 1 Eystríbæ	352	31,4	1,88	1,79
Eiríkur Egilsson	Seljavöllum	27	30,9	2,00	1,67
Gunnar Sigurjónsson	Litla-Hofi	434	30,6	1,91	1,82
Bjarni og Þórey	Kálfafelli 2	414	29,9	1,92	1,73
Áslaug og Óskar	Vík	272	29,6	1,83	1,71
Jón Malmquist Einarsson	Jaðri	399	29,1	1,98	1,81
Björn Ísleifur Björnsson	Hestgerði	216	29,0	1,80	1,67

# Stóra Ármót – búrekstur og tilraunastarf árið 2012

## Búrekstur

### Fóðuröflun


Sláttur hófst 15. júní og var fyrri slætti að mestu lokið 25. júní. Hey fyrir mjólkurkúr var slegið snemma morguns og tekið síðdegis við um 35% þurrkstig. Heyfengurinn var einsleitur, mikill og góður. Korn var sáð í rúmlega 18 ha. Uppskera var góð eða um 100 tonn m.v. 72% þurrefni.

1. tafla: Uppskera – samantekt 2012

	Ha	Rúllur	Tonn þurrefnis	FEm
1. sláttur	60	790	260	218.000
2. sláttur	40	190	75	60.000
Korn	18,4		72	82.000
Hálmur		100		
Samtals			407	360.000

### Afurðir

Framleiðsluréttur búans er 260 þúsund lítrar. Samkvæmt skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar eru afurðir á árskú nú 6.655 kg. Innlögð mjólk á árinu voru 282.765 þús. lítrar (312 þús kg). Nýtingarhlutfall var 100%, sem þýðir að afurðir á árskú eru nokkuð vanmetnar þegar tekið er tillit til mjólkur sem fer í kálfa.



Mynd.1: Afurðir árskúa á Stóra Ármóti (fjólubláar súlur) samanborið við landsmeðaltal.

Efnainnihald innleggsmjólkur var mjög gott (tafla 2), prótein 3,43% og fita 4,17%. 67% mjólkur flokkaðist í úrvalsmjólk.

2. tafla: Yfirlit um afurðir – magn og eiginleika, árin 2000-2012.

Ár	Árskúr	Nyt- árskúr kg	Sæti	Fitu %	Protein %	Frumtala x 1000	Gerlatala
2000	56	4422		3,82	3,27	336	31.916
2002	47	5378	204	3,87	3,32	263	11.875
2004	40	6248	52	3,83	3,29	299	12.812
2006	42	6357	58	4,00	3,41	343	10.916
2008	45	6321	75	4,06	3,47	325	11.920
2009	45,6	6529	45	4,15	3,45	262	10.450
2010	43,8	6972	16	4,18	3,49	230	9.420
2011	43,4	6518	58	4,18	3,45	164	8.540
2012	46,8	6655	53	4,17	3,43	174	10.404

### Heilsufar

Yfirlit um tíðni sjúkdóma má sjá í töflu 3. Sjö kúr fengu doða og er það býsna hátt hlutfall, sem skrifast að hluta til á veiruskituna sem herjaði haustið 2012. Fjórar kúr fengu súrdoða eða einni færri en árið á undan. Júgurheilbrigði hefur farið batnandi undanfarin ár. Sjö kúr fengu júgurbólgu. Tíðni dauðfæddra kálfa var 9,8% eða 5 kálfa í 51 burði þar af drapst einn tvíkelvingur. Þetta skiptist jafnt á kvígur og fullorðnar kúr.

3. tafla: Tíðni helstu framleiðslusjúkdóma (hlutfall kúa með einkenni).

Sjúkdómur	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Doði	12%	4,3%	4,9%	6,6%	9,3%	13,5%	13,7%
Fastar hildir	0%	2,2%	0%	0%	1,8%	0%	0%
Legbólga	4,8%	2,2%	1,6%	4,4%	1,8%	1,9%	21,9%
Súrdoði	2,4%	8,7%	11,4%	6,6%	7,4%	9,6%	7,8%
Júgurbólga	50%	44%	54%	37,3%	31,5%	12%	13,7%
Dauðfæddir kálfa	7%	12%	11%	14%	11%	20%	9,8%

### Rannsóknastarfið

Í lögum nr. 26/1981 um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (nú Landbúnaðarháskóli Íslands) að Stóra-Ármóti segir „Aðalviðfangsefni stöðvarinnar skal vera allhliða tilraunastarfsemi í nautgriparækt með áherslu á fôðrun og meðferð gripa, en auk þess sinni hún verkefnum á svið annarra búgreina, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni“

Á Stóra Ármóti hefur ætíð verið lögð áhersla á hagnýtar rannsóknir og jafnan valin viðfangsefni sem tengjast vandamálum eða verkefnum nautgripa-ræktarinnar hverju sinni. Síðasta áratuginn má m.a. nefna verkefni tengd efnainnihaldi mjólkur, efnaskiptasjúkdómum og fóðrun um burð, fóðrun með miklu byggi og uppeldisrannsóknir. Nokkur samdráttur var á tilraunastarfi í búfjárrækt á Stóra Ármóti árin 2011 og 2012, sem skýrist af því að tilraunastjóri vann að verkefnum á víðari vettvangi jafnframt því að vera í mjög skertu starfshlutfalli árið 2012.

Jarðræktarrannsóknir hafa jafnan skipað veglegan sess í starfi Stóra Ármóts. Guðni Þorvaldsson hefur verið með umfangsmiklar samanburðarrannsóknir á lífsþrótti hinna ýmsu grastegunda og yrkja.

Auk tilraunastarfa er kynningarstarf og námskeiðahald fyrir bændur mikilvægur og gefandi þáttur í starfseminni. Þá hafa bændur víða að heimsótt Stóra Ármót. Nemendur LbhÍ hafa komið í heimsókn og kynnt sér starfsemina.

### **Júgurhreysti: Áhrif Startvac® bóluefnis á júgurheilbrigði**

Júgurbólga er mjög kostnaðarsöm og því miður hefur okkur á Íslandi ekki gengið sem skyldi að ná árangri í baráttunni gegn henni. Nú er komið bóluefni Startvac® sem hefur fengið viðurkenningu Evrópusambandsins. Síðastliðið ár hefur verið unnið að rannsóknum á áhrifum þessa bóluefnis á frumutölu, tíðni júgurbólgu og tíðni sýktra spena á sjö kúabúum á Suður- og Vesturlandi. Í þessari rannsókn hafði bóluefnið ekki áhrif á þessa þætti. Nánar verður gert grein fyrir niðurstöðum verkefnisins á norrænni ráðstefnu um júgurbólgu sem haldin verður á Íslandi í maí n.k..

### **Dauðfæddir kálfar II**

Á árunum 2006-2008 var unnið að stóru rannsóknarverkefni er greindist í sex undirverkefni sem náðu til almennrar þekkingaröflunar um þætti sem hugsanlega gætu skýrt orsakir hárrar tíðni dauðfæddra kálfa og/eða veitt innsýn í lífeðlisfræðilega röskun sem valdið geta því að kálfurinn deyr við burð. Meginmarkmið verkefnisins sem hér er greint frá var að skoða þroska kvígna sem báru dauðum kálfum og hann borinn saman við þroska kvígna sem báru eðlilega enda var þetta eitt af þeim atriðum sem fyrri rannsókn gaf tilefni til að rannsaka betur. Jafnframt var markmið verkefnisins að efla tengsl við erlenda sérfræðinga á þessu sviði, en kálfadauði er alþjóðlegt vandamál.

Valin voru 38 kúabú í Árnes- og Rangárvallasýslum og kvígur sem ýmist voru nýlega bornar eða áttu stutt í burð metnar. Fjórar breytur fengust við þessa skoðun; holdstig, brjóstmál, breidd milli mjaðmarhorna og aldur við burð. Hvert bú var heimsótt tvisvar á ransóknatímanum, í nóvember 2011 og febrúar 2012. Alls voru skoðaðar 479 kvígur, dauðfæddir kálfar voru 131 eða um 27%. Hvorki var munur á stærð og þroska kvígna né á aldri við burð hjá kvígum sem báru dauðum kálfum og hinum sem báru lifandi kálfum.

Í ljósi þessa var ákveðið að útvíkka verkefnið og skoða gögn skýrsluhalds nautgripa-ræktarinnar síðustu 8 ár. Rýni gagnanna staðfesti mikinn breytileika milli búa en jafnframt kom fram mikill breytileiki milli nauta á lífsþrótti kálfa dætra þeirra, sem undirstrikar mikilvægi þess að taka tillit til þessa þáttar í ræktunarstarfinu.

Að lokum er bústjórunum Hildu Pálmadóttur og Höskuldi Gunnarsson og öðrum sem hafa komið að starfseminni á Stóra Ármóti þökkúð góð störf.

Grétar Hrafn Harðarson





# 104. aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands

haldinn 18. apríl 2012 að Heimalandi.

## 1. Fundarsetning, Guðbjörg Jónsdóttir formaður.

Guðbjörg Jónsdóttir setti fundinn og bauð fulltrúa, starfsmenn og gesti velkomna. Hún gerði það að tillögu að Ragnar Lárusson, Stóra-Dal stýrði fundi og Helga Sigurðardóttir starfsmaður Búnaðarsambandsins ritaði fundargerð.

## 2. Skipan kjörbréfanefndar, Guðbjörg Jónsdóttir formaður.

Guðbjörg Jónsdóttir bar upp tillögu um skipan kjörbréfanefndar; Baldur I. Sveinsson, Litla-Ármóti. Guðrún Stefánsdóttir, Hlíðarendakoti og Ólafur Þ. Gunnarsson, Giljum. Tillagan samþykkt.

## 3. Skýrsla stjórnar, Guðbjörg Jónsdóttir formaður.

Á starfsárinu voru haldnir voru sjö stjórnarfundir. Á síðasta aðalfundi sem haldinn var á Selfossi urður engar breytingar á stjórninni.

Þegar eldgosíð í Grímsvötnum hófst síðast liðið vor, var ekki allri vinnu við úttektir vegna eldgossins í Eyjafjallajökli lokið. Fyrri reynsla og fumlausari vinnubrögð viðbragðsaðila og ráðgjafa var dýrmætt veganesti að þessu sinni, þó að ekkert eldgos sé eins og óvissan ætíð sú sama. Þessi auka vinna hefur skapa mikið álag á starfsfólk Búnaðarsambandsins og skal það þakkað hér sérstaklega. Þetta álag hefur einnig valdið röskun á öðrum verkefnum og hafa bændur sýnt því skilning sem ber að þakka.

Verkefnin á árinu voru auk hefðbundinna starfa að setja aukinn þrótt í starfseminu á Stóra-Ármóti og vinna við að móta framtíð leiðbeiningarþjónustunnar.

Tekist hefur að endurreisa tilraunanevnd á Stóra-Ármóti og hefur LBHÍ nú mótað stefnu til framtíðar varðandi tilraunastarfið sem verður kynnt hér á fundinum.

Leiðbeiningarþjónustan er nú kostuð af búnaðarlaga-samningi, búnaðargjaldi og seldri þjónustu. Það liggur fyrir að búnaðarlagasamningurinn sem er samningur við ríkisvaldið um ákveðin verkefni rennur út í árslok 2012. Gerð hefur verið krafa af ríkisins hálfu að gerð verði breyting á núverandi fyrirkomulagi til hagræðingar og að ekki verði gerður samningur á sömu nótum og áður. Lagt hefur verið mat á lögmæti innheimtu búnaðargjaldsins og það liggur fyrir að ekki er unnt að nýta það nema að takmörkuðu leiti í þá starfsemi sem að gjaldið rennur til í dag.

Á síðasta Búnaðarþingi var svo mótuð sú stefna að sameina alla leiðbeiningarþjónustu á landsvísu. Framundan eru því óvissu tími fyrir starfsfólk og

þau fyrirtæki sem standa að þessari þjónustu nú, en allt kapp er lagt á að línurnar skýrist sem fyrst og óvissu verði eitt. Það er líka framundan tími óvissu í starfsumhverfi landbúnaðarins, skammur tími er eftir af þeim búvörusamningum sem í gildi eru og tollvernd okkar framleiðsluvara er ógnað.

Þetta eru líka spennandi tímar til að móta þjónustuna frá grunni og taka undir stefnumótun búgreinafélaganna um sérhæfðari þjónustu, en um leið að skapa spennandi starfsumhverfi fyrir okkar ráðgjafa.

Að lokum vil ég þakka stjórn, starfsfólki og bændum gott samstarf á árinu og þá sérstaklega Sveini Sigurmundssyni framkvæmdarstjóra.

## 4. Reikningar BSSL og skýrsla framkvæmdastjóra, Sveins Sigurmundssonar.

Sveinn fór yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning fyrir Búnaðarsambandið í heild og síðan fór hann yfir hvert fyrirtæki fyrir sig. Helstu lykiltölur úr rekstrarreikningi sýna tekjur upp á 251 milljónir sem er veruleg aukning frá fyrra ári eða úr 223 milljónum. Rekstrargjöld eru tæpar 246 milljónir og rekstrarhagnaður 5,3 milljónir. Að teknu tilliti til fjármagnsliða og dótturfélags er hagnaðurinn 9,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi eru heildareignir 248,8 milljónir en eigið fé í árslok var 218,8 milljónir. Veltufjármunir eru 138 milljónir í árslok. Veltufé frá rekstri var 11,7 milljónir á móti 1,7 milljóna tapi fyrra ár. Búnaðarsambandið er með veltuaukningu um 24 milljónir og hagnað fyrir utan fjármagnsliði upp á 11,4 milljónir. Lokaniðurstaðan er svo hagnaður um 13,3 milljónir þegar fjármagnsliðir, dótturfélag og tekjuskattur hefur verið tekinn inn. Hagnaðurinn skýrist einkum af tvennu. Framlög vegna mikils kostnaðar út af gosinu í Eyjafjallajökli árið á undan og leiðrétting á búnaðargjaldi í lok árs. Eignir Búnaðarsambandsins eru miklar sérstaklega þegar Stóra-Ármót er tekið með þá eru eignirnar stórlega vanmetnar, þó erfitt sé að meta það til fulls. Spurning hvornig tryggingarmálum er háttað hjá svona stóru fyrirtæki sem á þetta miklar eignir. Til að átta sig á stöðu Búnaðarsambandsins verður að skoða hvert fyrirtæki fyrir sig.

Staða Sauðfjarsæðingastöðvarinnar er vel ásættanleg. Velta er rúmar 13 milljónir og tap upp á 280 þúsund. Viðhald og endurbætur á girðingum sem var gjaldfært upp á 1,6 milljónir.

Markmiðið þar er hversu lág geta sæðingagjöldin verið svo þátttakan verði næg. Aukning var í útflutningi á sæði, ekki er þó víst að áframhald verði á því vegna

mikils rannsóknarkostnaðar og árangur er ekki nógu góður. Geitasæðingar voru aðeins á okkar könnu. Einnig var gert kynningarmyndband af stöðinni sem kom vel út.

Kynbótastöðin kemur lakast út af fyrirtækjunum. Heildargjöld tæpar 81 milljónir og tap 4,4 milljónir. Húsnæðið í Þorleifskoti var allt málað að utan og bílaplön löguð. Kostnaður við það nam 2,4 milljónum og var gjaldfærður. Klaufskurðurinn var niðurgreiddur um milljón og svo hækkaði bifreiðakostnaður um 2,5 milljónir. Hækkun er því fyrirsjáanleg á sæðingagjöldum til að hægt sé að reka fyrirtækið á núlli. Tillalaga hér á fundi um hækkun á sæðingagjöldum og klaufskurði svo hægt verði að ná meira upp í kostnað, en í dag erum við með lægstu gjaldskrána á landinu.

Á Stóra-Ármóti var hagnaður ársins um 3 milljónir. Matarholur eru þar t.d. vegna heita-vatnsins. Endurvakin tilraunanevnd og stefna á að hún eflist með þátttöku bænda. Það hefur ekki verið mikill kraftur í tilraunastarfinu upp á síðkastið en Jóhannes Sveinbjörnsson mun kynna tilraunaáætlun næstu ára á fundinum. Mjög góður árangur er varðandi fóðrun kúa á Stóra-Ármóti, en tilraunir þar hafa sýnt fram á að mögulegt er að nýta meira innlent bygg til fóðurs en talið var.

Bændabókhaldið veltir rúmum 20 milljónum. Nú var hagnaður upp á 900 þúsund á móti 900 þúsund króna tapi árið á undan. Gjaldskráin var óbreytt og því verður þessi breyting ekki skýrð öðruvísi en að afköst hafi aukist.

Grímsvatnagosið síðastliðið vor fór inn í þá vinnu sem var unnin í kjölfar gosins í Eyjafjallajökli. Afleysingaþjónusta fyrir bændur á svæðinu er enn og er styrkt af MS. Bjargráðasjóður er búinn að greiða tæpar 24 milljónir, þó er ekki allt búið. Enn er mikil aska yfir svæðinu og margt sem á eftir að skoða þar.

Framundan eru svo kynbótasýningarnar sem verða með breyttu sniði og fróðlegt að sjá hvernig það kemur út að hafa sýningarröðina Hafnarfjörður, Selfoss, Hella og enga sýningu í Víðidal. Einnig er vinna við endurútgáfu á Sunnlenskum byggðum og DVD disknum Í dagsins önn, með ensku tali.

Breyting á ráðgjafaþjónustu Búnaðarsambandsins yfir til BÍ er í farvatninu. Ágúst Þorbjörnsson er hér á fundinum, en hann var ráðinn til að leiða þessar breytingar. Ráðgjöfin fer til BÍ og þjónusta hjá Búnaðarsambandinu. Samlegðaráhrif minnka milli fyrirtækja og hrossabændur t.d. munu finna fyrir breytingu varðandi sýningargjöld. Sum Búnaðarsambönd munu kannski segja af hverju erum við að skilja eitthvað eftir en setja ekki allt til BÍ en það er mikill mismunur á eignum sambandana. Vonast er til að þetta gangi vel og þessi breyting leiði til betri þjónustu og að ráðunautar muni geta einbeitt sér að ráðgjöf en séu ekki á kafi í þjónustuhlutverki.

Spurningin er hvernig vilja bændur sjá Búnaðarsambandið í farmtíðinni, framundan eru miklar

breytingar og vonandi komum við vel þar út.

## 5. Umræður um skýrslur og reikninga.

Fundarstjóri gaf því næst orðið laust og hvatti fundarmenn til að taka til máls.

Bjarni Þorkelsson, Þóroddsstöðum spurði hvað Sveinn ætti við með þetta innskot varðandi tryggingar.

Þórir Jónsson, Selalæk vill spyrja að því af hverju eru ekki fleiri í nefnd sem er að móta tillögur um breytingu á ráðgjafapjónustunni.

Ólafur Þ.Gunnarsson, Giljum vildi spyrja hvernig Búnaðarsambandið fylgist með sínum peningum í bankanum, þ.e. þeir peningar sem eru í sjóðum. Hversu oft er staðan skoðuð einu sinni ár ári eða oftar.

Sveinn svaraði fyrst vegna trygginga, en tryggingapakki Búnaðarsambandsins er um 2 milljónir, sem betur fer er lítið um tjón og því sáralítið sem kemur til baka í formi tjónabóta. Fyrirtæki sem hafa sterka eiginfjárstöðu ættu að hugsa sinn gang gagnvart smærri tryggingum.

Sveinn svaraði varðandi bankana, en Sauðfjarsæðingastöðin og Kynbótastöðin eru hjá Arion-banka, en Búnaðarsambandið er hjá Landsbankanum. Sjóðirnir fóru ekki vel í hruninu LÍ tapaði um 30% en Arion um 10%. Fundur með Landsbankanum í sumar leiddi í ljós að þeir tóku ekki rétta stefnu í fjárfestingasjóðum sínum.

Guðbjörg svaraði Þóri varðandi nefndaskipan. Hún sat í milliþinganevnd sem vann að tillögu varðandi breytingu á leiðbeiningaþjónustunni, í nefndinni var mikið til sama fólkið og situr nú í stýrihópnum, en það er auk hennar þau Guðný Helga Björnsdóttir, Sigurður Eypórsson og Haraldur Benediktsson.

## 6. Ávörp gesta,

Fyrstur til máls tók Eiríkur Blöndal sem bar fundinum kveðju stjórnar BÍ. Hann byrjaði á að segja frá Búnaðarþingi sem starfaði nú undir merkjunum „Áfram íslenskur landbúnaður.“ Markmiðið er að merkja mál sem varða bændur og leiðir til að vinna að hag þeirra. BÍ er ekki að leggja árar í bát heldur horfir til framtíðar og vill efla það sem innlent er. Landbúnaður hefur einn atvinnugreina fjölgað störfum, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. BÍ er fyrirtæki í þjónustu landbúnaðarins og vill að bændur standi saman að uppbyggingu landbúnaðarklasa, sem samanstandur af þjónustufyrirtækjum sem sinna bændum, svo sem vélasalar, fóðursalar, afurðasalar, bankar, ofl. Stefnumörkun Búnaðarþings um nýja sýn á landbúnað kallar á breytingar. Ályktun um félagskerfið og framtíð búnaðargjalds. Það er búið að endurskoða umhverfi búnaðargjalds og á Alþingi átti að leggja fram tillögu nú á vorþingi um breytingu á búnaðargjaldinu, en það frestast fram á haust. Sigurður Línal lagaprófessor fór yfir lögmati búnaðargjalds og það er ekki ólöglegt. Að minnsta kosti ekki sá hluti sem fer til leiðbeiningaþjónustu, hagþjónustu og Bjargráðasjóðs.

Ríkið vill fara að gera nýjan búnaðarlagasamning, en áður en það verður gæti þurft að breyta lögum. Við gerð nýs samnings er farið yfir reynslu á þessum samningi og ef kafað er dýpra eins og á heimasíðu matvælaöryggisstofnunar, þá er matvælavísitalan búin að vera ansi há lengi. Íslenskur landbúnaður á að líta á það sem sóknarfæri og fara að framleiða meira. Að lokum óskaði Eiríkur mönnum áframhaldandi velgengni í störfum í þágu íslensks landbúnaðar.

Stefán Geirsson, frá samtökum ungra bænda þakkaði fyrir gott boð og byrjaði á að vitna í Íslandsljóð eftir Einar Benendiktsson skáld. Félag ungra bænda á Suðurlandi var stofnað 2010, enda er sagt að ekki megi koma saman þrír bændur án þess að úr því verði stofnað félag. Félagsmálin þurfa stundum að fá forgang frá plægningum og öðrum verkum til að efla samstöðu meðal stéttarinnar. Félagið ætlar í sumar að taka þátt í Sunnlenska sveitadeginum og efla sýnileika ungra bænda. Félagskapur sem þessi er góður vettvangur til að fræðast og stilla saman strengi ungliða í landbúnaði. Ungbændamál eru málefni allra bænda því allir bændur eru einhvern tíman ungir. Stefán endaði á orðum úr Íslandsljóði Einars Benediktssonar skálds „Trúðu á sjálf þíns hönd en undur eigi.“

Matarhlé fundi frestað.

#### 7. Kjörbréfanefnd skilar álit.

Baldur Indriði Sveinsson, Litla-Ármóti, formaður nefndarinnar tók til máls. Rétt til setu eiga 32 búnaðarfélög, þar af 2 með 2 fulltrúa. Búgreinafélögin 6 eiga rétt á 18 fulltrúum. Kjörbréf eru lesin upp og í ljós kemur að eftirfarandi fulltrúar eru mættir:

#### **Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps**

Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli

#### **Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps**

Enginn fulltrúi

#### **Búnaðarfélag Sandvíkurhrepps**

Ólafur Kristjánsson, Geirakoti.

#### **Búnaðarfélag Hraungerðishrepps**

Baldur Indriði Sveinsson, Litla-Ármóti

#### **Búnaðarfélag Villingaholtshrepps**

Bjarni Pálsson, Syðri-Gróf

#### **Búnaðarfélag Skeiðahrepps**

Jón Vilmundarson, Skeiðháholti.

#### **Búnaðarfélag Gnúpverjahrepps**

Enginn fulltrúi

#### **Búnaðarfélag Hrunamannahrepps**

Aðalsteinn Þorgeirsson, Hrafnkelsstöðum.

#### **Búnaðarfélag Bláskógabyggðar**

Óttar Bragi Þráinsson, Miklaholti.

#### **Búnaðarfélag Þingvallahrepps**

Gunnar Þórisson, Fellsenda.

#### **Búnaðarfélag Grímsneshrepps**

Björn Snorrason, Björk II.

#### **Búnaðarfélag Grafningshrepps**

Enginn fulltrúi

#### **Búnaðarfélag Ölfushrepps**

Pétur Guðmundsson, Hvammi.

#### **Búnaðarfélag Eyrabakka**

Enginn fulltrúi.

#### **Búnaðarfélag A-Eyjafjallahrepps**

Enginn fulltrúi.

#### **Búnaðarfélag V-Eyjafjallahrepps**

Ragnar Lárusson, Stóra-Dal.

#### **Búnaðarfélag A- Landeyjarhrepps**

Karel Geir Sverrisson, Seli

#### **Búnaðarfélag V-Landeyjarhrepps**

Ágúst Rúnarsson, Vestra-Fíflholti.

#### **Búnaðarfélag Fljótshlíðahrepps**

Guðrún Stefánsdóttir, Hlíðarendakoti

#### **Búnaðarfélag Hvolhrepps**

Enginn fulltrúi.

#### **Búnaðarfélag Rangárvallahrepps**

Ásgerður Sjöfn Guðmundsdóttir, Lambhaga

#### **Búnaðarfélag Landmannahrepps**

Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum

#### **Búnaðarfélag Holtahrepps**

Daníel Magnússon, Akbraut.

#### **Búnaðarfélag Djúpárhrepps**

Enginn fulltrúi.

#### **Búnaðarfélag Ásahrepps**

Egill Sigurðsson, Berustöðum.

#### **Búnaðarfélag Hörgslandshrepps**

Jón Jónsson, Prestsbakka.

#### **Búnaðarfélag Kirkjubæjarhrepps**

Eypór Valdimarsson, Ásgarði

#### **Búnaðarfélag Álftavers**

Margrét Harðardóttir, Mýrum

#### **Búnaðarfélag Leiðvallahrepps**

Enginn fulltrúi

#### **Búnaðarfélag Skaftártungu**

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ljótastöðum

#### **Búnaðarfélag Hvammshrepps**

Ólafur Þorsteinn Gunnarsson, Giljum

#### **Búnaðarfélag Dyrhólahrepps**

Sigurjón Eyjólfsson, Eystri- Pétursey.

#### **Félag sauðfjárþænda í Árnassýslu**

Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti.

#### **Félag sauðfjárþænda í Rangárvallasýslu**

Erlendur Ingvarsson, Skarði

Oddný Steina Valsdóttir, Butru

Baldur Björnsson, Fitjamýri.

#### **Félag sauðfjárþænda í V-Skaftafellssýslu**

Faney Ólöf Lárusdóttir, Kirkjubæjarklaustri

#### **Loðdýraræktarfélag Suðurlands**

Steinn Logi Guðmundsson, Neðri-Dal

#### **Hrossaræktarsamtök Suðurlands**

Sveinn Steinarsson, Litlalandi

Helgi Eggertsson, Kjarri.

Bjarni Þorkelsson, Þóroddsstöðum

Sigríkur Jónsson, Syðri-Úlfsstöðum  
Þuríður Einarsdóttir, Oddgeirshólum.  
**Félag kúabænda á Suðurlandi**  
Þórir Jónsson, Selalæk.  
Elín B. Sveinsdóttir, Egilsstaðakoti.  
Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ.  
Samúel U. Eyjólfsson, Bryðjuholti  
Ólafur Helgason, Hraunkoti.

Mættir eru 43 fulltrúar.

Álit kjörbréfanefndar er samþykkt samhljóða.

## **8. Sameining ráðgjafabjónustunnar, Guðbjörg Jónsdóttir formaður.**

Umræður um endurskoðun á ráðgjafabjónustunni hafa verið í umræðunni árum saman bæði á Búnaðarþingi og formannafundum búnaðarsambandana. Nú er meiri þungi í málinu eftir samþykkt Búnaðarþings, sérstaklega vegna óvissu um tekjustofna. Í stefnumörkun Landsambands sauðfjárbænda og Landsambands kúabænda er gerð krafa um meiri sérfræðibjónustu við bændur, en meira er um að erlendir rágjafar komi til landsins til að sinna ráðgjöf í sérhæfðari verkefnum.

Miklar breytingar eru búnar að vera á þessum rúmunum 100 árum sem ráðgjafabjónusta hefur starfað. Ályktun frá Búnaðarþingi 1931, skilgreindi héraðsráðunauta og landsráðunauta. Árið 1948 eru 10 héraðsráðunautar og búnaðarmálasjóðsgjald sett á. Árið 1965 er búnaðarmálasjóðsgjaldið 0.5% og ríkið greiðir 65% af launum ráðunauta og fjöldi frjáls. Eftir 1980 er stöðugt dregið úr framlögum og árið 1982 setti ríkið þak á ferðakostnað. Árið 1998 eru sett ný búnaðarlög og nýr búnaðarlagasamningur með ákvæðum um a.m.k. þrjá ráðunauta á hverri leiðbeiningarstöð. Árið 2010 skerðing til Framleiðnisjóðs skert um 90% en alltaf reynt að vernda störf. Á Búnaðarþingi 2011 er millipinganevnd sett á laggirnar til að vinna að endurskoðun á ráðgjafabjónustunni og vinna að ályktun sem sett er fram á Búnaðarþingi 2012. Markmið ályktunarinnar er að efla þurfi faglegan styrk og auka hagkvæmni leiðbeiningarbjónustunnar í landbúnaði. Sameina ráðgjafabjónustu búnaðarsambandana og Bændasamtaka Íslands í eina rekstrareiningu. Að bændum standi til boða sama þjónusta og að sömu gæðum óháð búsetu og búgrein. Að laga þjónustuna að þörfum bænda og nýta fjármuni sem best. Auka faglegt samstarf ráðunauta og nýtingu mannafla og gera ráðgjafastörf eftirsóknaverð. Eftirlaunaskuldbindingar eru mjög íþyngjandi og nema þær um 85 milljónum króna. Stefnan er að þær skuldbindingar sem tengjast ráðgjafabjónustunni verði fjármagnaðar sameiginlega eða samið um að þær fari til hins opinbera við endurnýjun samnings.

Verkefnisstjórn á þessu nýja verkefni er í höndum Framsækni ehf. Ágúst Þorbjörnsson er nýr verkefnastjóri og er hans undibúningsvinna þegar

hafin. Fyrstu skref er hringferð um landið og samtal við starfsfólk, stjórnendur og bændur á viðkomandi svæðum. Markmið að Ágúst hitti sem flesta sem tengjast búnaðarsamböndunum. Annar hluti í þessu aðlögunarferli er að skilgreina form og umfang rekstrar, fara yfir tækjabúnað og aðstöðumál, upplýsingatækni og samvinnu við séttarfélag en stefnan er að vinna þennan hluta í verkefnahópum.

Þetta er mikilvægt tækifæri til að efla ráðgjafabjónustu í landinu og við getum tekið þátt í því. Við eigum að hafa áhrif á ferlið frekar en að láta skipa okkur fyrir, vera á vettvangi og vekja athygli á hvaða árangri er hægt að ná með samstarfi, bænda, ráðunauta og afurðastöðva. Grundvallaratriði að við ætlum ekki að þjappa starfinu sama í Reykjavík. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er tilbúinn í viðræður um nýjan samning og meginútlínur að honum gætu verið tilbúnar í haust. Þá er hægt að ráða í skipulagningu og ráðningu ráðunauta, ekki áætlað að fækka ráðunautum. Búnaðarsamböndin eru búin að ráða sína nefnd og í henni sitja Haraldur Benediktsson, Sveinn Ingvarsson og Eiríkur Blöndal.

Verkefnið er rétt að hefjast en fyrir liggur stefna Búnaðarþings sem er skýr og miklir möguleikar framundan.

Orðið laust

## **9. Umræður og fyrirspurnir**

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Erlendur Ingvarsson, Skarði bar fram spurninguna, af hverju erum við að fara þessa leið? Það hlýtur að vera að hagræða og spara og í hverju liggur sparnaðurinn. Við þekkjum af mörgum sameiningum að ekki hefur alltaf verið mikill hagur fyrir bændur. Hann beindi líka spurningu til Eiríks Blöndal, BÍ og vildi vita af hverju BÍ hefði ekki sent fulltrúa á ráðstefnu á Bifröst um stöðu landbúnaðarins, sem Neytendasamtökin og Háskólinn á Bifröst stóðu fyrir, en BÍ hundsæði þessa ráðstefnu en Landssamband kúabænda og Landssamtök sauðfjárbænda komu vel út úr þessum fundi.

Þórir Jónsson, Selalæk. Margt bendir til að við náum mikilli hagræðingu með að hafa aðgang að þjónustu á landsvísu. Við slökum ekki á þjónustu sem við viljum fá af ráðunautum. Í nýju félagi minnkar hlutur af opinberu fé og seld þjónusta eykst. Í nýju fyrirtæki ætti að vera fullt starf fyrir þrjá ráðunauta í fôðurleiðbeiningum á landsvísu. Hægt að byggja upp sameiginlegan vettvang á einu símkerfi. Hlyntur því að við fara í þetta verkefni en þjónustan á ekki að minnka, við mótum línuna en verðum ekki sporgöngumenn.

Einar Þorsteinsson, Sólheimahjáleigu. Gaman að heyra að BSSL gengur vel og var starfsmaður þess í 42 ár. Hef verið á aðalfundum í tæpa hálföld, þetta er stærsta mál sem hefur verið fjallað um á þessum vettvangi. Framfarir hafa verið mikla í kynbótum á þessum árum og vert að fara varlega í

þessar breytingar. Getur verið gott fyrir dreifðari byggðir, en spyr bara á ekki að fara með þetta mál til grasrótarið. Þakkaði Búnaðarsambandinu fyrir allan þann tíma sem hann hefur fengið að vera starfsmaður og félagsmaður. Á þessu tímabili hafa verið tveir leiðtogar hjá Búnaðarsambandinu fyrst Hjalti Gestsson og síðan Sveinn Sigurmundsson. Hann ítrekaði að við eigum að stíga varlega til jarðar í þessu máli. Leiðbeiningarþjónustarn fer í hringi og spurning hvort það sé alltaf hagur í næsta skrefi.

Ólafur Gunnarsson, Giljum. Markmiðið með þessum tillögum er að ná frumkvæði í samningum við ríkisvaldið. Við hjá Búnaðarsambandinu búum við góða þjónustu hjá okkar ráðunautum, þegar þetta verður eitt fyrirtæki þá vilja allir búa við sömu þjónustu og við hér.

Egill Sigurðsson, Berustöðum. Í þessu gríðarlega stóra máli sem við erum að fara í er markmiðið að ná fram hagræðingu og sparnaði. Við spyrjum af hverju geta hlutirnir ekki verið eins og þeir eru, við sáum tekjuskiptinguna hér áðan. Hvernig lenda menn þessu máli varðandi rekstur á leiðbeiningarþjónustunni og líka hvernig á að reka félagskerfið. Ég tek undir að tímaramminn er mjög þröngur. Menn verða að spyrja gagnrýnna spurninga og hvernig við sjáum þetta kerfi í framtíðinni. Búnaðarþing samþykkti þetta, ég var einn af þeim og ég skynjaði ótta hjá minni svæðum, sem óttuðust að Sunnlendingar ætluðu að taka þetta yfir og skipuleggðu á sínum forsendum. Búnaðarlagasamning verður að lenda vel til að búvörusamningur náist sem bændur geti sætt sig við. Við erum lang öflugasta sambandið innan BÍ og við eigum að taka frumkvæði í þessu máli. Erfitt að fara inn í næsta starfsár ef við höfum engan samning og ekkert búnaðargjald. Einar Þorsteinsson minntist á að við förum í hringi og vel má vera að það sé svo. Félagsaðild mun minnka ef skylduáðild verður ekki lengur og margt sem þarf að skoða í þessu og spyrja okkur gagnrýnna spurninga. Það verður vonandi upplýsandi fundur í sumar um frumniðurstöður frá Ágústi um málefni tengd leiðbeiningarþjónustunni. Breytingar eru alltaf erfiðar og best að þær taki sem styðstan tíma.

Guðrún Stefánsdóttir, Hlíðarendakoti. Gríðarlega stórt mál og okkur bændum er alltaf illa við breytingar. Ríkið hefur ekki verið tilbúið að fjalla um nýja samninga. Í minni héruðum er ráðunauturinn ekki alltaf að sinna bændum á öllum sviðum. Við eigum ekki að missa þjónustu, í dag eru 11 landsráðunautar og 6 af þeim úti á landi. Gamalt kerfi og tækninni hefur mikið fleygt fram og við verðum að fylgja þróuninni, ef við viljum fá nýjan búnaðarlagasamning. Förum af stað og reynum að fá betri samning og förum áfram.

Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum. Þegar formaðurinn tilkynnti þetta eins og útför, kistulagning hefur farið fram og jarðarförin auglýst síðar. Í svona rekstri er þörf að draga saman og með minni pening er yfirleitt ekki fleiri tækifæri. Hvatningarorð til þeirra

sem eiga að semja um þessi ósköp. Til samningamanna: Þið þurfið að standa vel á verði.

Óttar Bragi Þráinsson. Við eigum að fara á reka byggðastefnu og það bitnar á okkur á þessu svæði, kemur við budduna okkar. Frjálsir peningar inn í þessa búgrein koma ekki.

Elín B. Sveinsdóttir, Egilsstaðakoti. Það er ekkert sem segir að við megum ekki setja búnaðargjaldið í ráðunautarþjónustu en félagskerfið er í skoðun. Ekki sunnlendingar sem biðja um þessa breytingu, en við viljum nýta það starfsfólk sem tengist ráðgjöf á landsvísu. Frekar stefnan að flytja fólkið út á land en að færa fólk til Reykjavíkur. Í okkar valdi að semja við ríkið og fyrst og fremst krafa frá okkur um að leggja búnaðargjaldið niður og þá hvernig á að gera það.

Guðbjörg Jónsdóttir, svaraði Erlendi, við erum að selja þessa hugmynd. Lykillinn að þessu er aukin tækni, ráðunautar geta verið staddir hvar sem er. Staðsetningin skiptir ekki máli og byggðastefna er það sem skiptir okkur máli. Við viljum halda byggð í landinu. Höfuðatriði að þjónusta bændur sem best. Framtíðin hvernig ætlum við að mæta henni.

Eiríkur Blöndal, sagði að markmiðið sé hagræðing og sparnaður sem á að leiða til betri þjónustu við bændur. Ráðunautar hér á landi eru að gera góða hluti og má til marks um það upplýsa að danskir bændur eru mun skuldsettari en íslenskir. Það eru margir ánægðir með það sem við höfum en aðrir telja að við getum gert betur. Ef við förum í ríkiskassann og biðjum um peninga þá þurfum við að vera með nákvæma lýsingu á því sem við ætlum að gera við peninginn. Það má leysa úr læðingi mjög mikinn kraft og spennandi að sjá hver stefnan verður eftir hringferð Ágústar um landið. Ráðunautar fáir og ekki skylda að flytja ráðunauta á annan stað, ekki sama stefna og í Noregi, þar sem starf er auglýst á viðkomandi stað og ráðunauturinn verður að setjast þar að.

Eiríkur svaraði Erlendi varðandi ráðstefnu á Bifröst um framtíð landbúnaðar. Við fáum ógrynni af fyrirspurnum um þátttöku BÍ í ýmsum ráðstefnum. Þið verðið að treysta okkur fyrir því hverjum við tökum þátt í og hverju við sleppum. Nálgunin þarna var slík að það var eins og BÍ færi að halda ráðstefnu um verslun og þjónustu, en ekki framtíð landbúnaðarins. Það var meginástæða fyrir að BÍ tók ekki þátt í þessari ráðstefnu.

## **10. Samstarf Landbúnaðarháskóla Íslands og BSSL um tilraunastarf á Stóra-Ármóti, Jóhannes Sveinbjörnsson LbhÍ.**

Tilraunastarf LbhÍ er á nokkrum stöðum á landinu. Jóhannes lagði áherslu á að Stóra-Ármót yrði framtíðar tilraunarstaður í nautgriparækt, enda eini staðurinn þar sem hægt er að gera ítarlegar fôdurtilraunir. Samstarf við Búnaðarsambandið er gott á því sviði og möguleikarnir miklir. Þeir tilraunastaðir sem nú eru í notkun eru, Korpa á jarðræktarsviði, á Möðruvöllum



er líka jarðrækt en þar var áður líka nautgriparrækt. Á Hvanneyri er jarðrækt og fjós sem notað er aðallega til kennslu en lítið til rannsókna. Hestur hefur svo verið burðarás í sauðfjárrækt í áratugi.

Jóhannes fór yfir verkefni síðustu ára. Má þar fyrst nefna verkefnið hraustar kýr en þar á að kanna aukna sjálfbærni í fódur mjólkurkúa, aðal ávinningurinn af því verkefni er að fá betri og markvissari nýtingu á heimaöfluðu byggi. Það kom fram að það hefur ekki neikvæð áhrif á kýrnar þó þær séu fódraðar með svona miklu byggi.

Næsta verkefni er jógurhreysti og í því verkefni kannað áhrif Startvac® bóluefnisins á jógurheilbrigði. Í því verkefni verður fylgst með tíðni jógurbólgu, frumutölu einstaklinga og tíðni sýktra spena í upphafi og lok rannsókna. Þar koma fram að bólusetning gegn jógurbólgu er ekki eins góður valkostur og væntingar stóðu til.

Verkefnið kvígur 24 miðar að rannsókn á áhrifum mismunandi fódursamsetningar á vöxt og þroska kálfa og kvígna. Þar er markmið að finna heppilegustu samsetningu til fullnýtingar á vaxtagetu gripanna á hverjum tíma, svo að þær séu nógu þroskaðar til að bera 24 mánaða gamlar. Í dag eru margir bændur að láta kvígurnar bera um 28 mánaða gamlar og má ætla að með því að stytta tímang geti íslenskir kúabændur grætt umtalsveðar fjárhæðir. Í verkefninu kvígur 24 er líka könnuð áhrif þess að kálfar hafi frjálstan aðgang að sýrðri mjólk.

Að lokum fór Jóhannes yfir hugmyndir um framtíðaráform. Í NorFor er unnið mikið starf til að meta átgetu kúnna en það er mikilvægt að hún sé sem réttast metin. Þá er mikilvægt að bera saman mismunandi próteingjafa, því þar er mikið framboð í gangi. Tilraunastarfinu stendur fyrir þrífum að þar vantar mannskap til að vinna þetta starf. Það vantar nýtt fólk til að sinna rannsóknum, í dag eru bara tveir sem eru með fódurrannsóknir. Mastersnemar ættu að geta komið þar inn í og hjálpað til, bæði í fódur- og jarðræktarrannsóknum. Erum að auka menntun og mikilvægt að tengja leiðbeiningamiðstöðvarnar við rannsóknir og hjálpast að við að kynna niðurstöður. Í dag eru niðurstöður birtar í ýmsum ritum sem má nálgast á greinasafni landbúnaðarins á netinu. Opinn dagur á Stóra-Ármóti er líka góð leið til að kynna niðurstöðurnar. Það er nauðsynlegt að efla samstarf milli rannsóknamanna og ráðunauta og samvinna þar á milli er nauðsynleg ekki síst til að efla kynningu á niðurstöðum. Markmið með tilraunavinnu sem þessari er að gera ráðgjöf til bænda skilvirkari og markvissari.

## 11. Umræður og fyrirspurnir

Þórir Jónsson, Selalæk telur ekki hörgul á peningum en mannahallæri. Fagnar að LbhÍ skuli ætla að gera betur í tilraunastarfinu.

Ólafur Helgason, Hraunkoti. Þakkar erindið en kom á óvart hversu margar tilraunir hafa verið gerðar og

spurði hvort ekki vantaði að kynna niðurstöðurnar betur.

Elín B. Sveinsdóttir, Egilsstaðakoti spurði hvort einhverjar tilraunir væru komnar á lokastig?

Guðrún Stefánsdóttir, Hlíðarendakoti bað um leiðbeiningar hvernig hægt væri að nálgast tilraunaniðurstöður á netinu.

Jóhannes Sveinbjörnsson ræddi um að það vantaði fólk, mikið er um að þegar fólk kemur úr námi skilar það sér ekki í rannsóknastörfin. Það mætti kynna tilraunirnar betur og hægt er að fara inn á lbhi.is eins og hann sýndi fundargestum.

## 12. Kosningar, til búnaðarþings.

Egill Sigurðsson, Berustöðum, kynnti lög um kosningu. Enginn listi og eru því allir í kjöri. 7 nöfn má setja á listann. Fyrst er kosið um aðalmenn, síðan varamenn í annari umferð.

Egill Sigurðsson gefur kost á sér til setu á Búnaðarþingi.

Ólafur Þ. Gunnarsson, Giljum kynnti sig og bauð sig fram til setu og gerði grein fyrir sér. Hann býr sauðfjárbúi ásamt konu sinni Birnu. Þau eru nýbyrjuð með ferðaþjónustu.

Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ gefur kost á sér til setu á Búnaðarþingi. Hefur setið í félagsráði FKS og er kúabóndi. Hefur ekki setið á Búnaðarþingi, hefur þó verið í ýmsum félagsmálum. Andstæðingur inngöngu í ESB og þar vantar að skýra hvers vegna við erum á móti.

Þórir Jónsson Selalæk, gefur kost á sér til setu á Búnaðarþingi. Býr félagsbúi með Bjarna bróður sínum frá 1976

Guðbjörg Jónsdóttir, Læk, býður sig fram til setu á Búnaðarþing, er í varstjórn BÍ. Bóndi að Læk í Flóa. Hún skilaði líka kveðju frá Elvari Eyvindssyni, Skíðbakka sem gefur líka kost á sér til setu á Búnaðarþingi.

Stefán Geirsson Gerðum í Flóahreppi, býður sig fram til setu á Búnaðarþingi. Býr félagsbúi með foreldrum sínum frá 2008. Vill standa vörð um hagsmuni sunnlenskra bænda.

Guðrún Stefánsdóttir, Hlíðarendakoti. Hefur verið á Búnaðarþingi sl. 3 kjörtímabil. Býður sig fram til endurkjörs á Búnaðarþingi.

Ágúst Rúnarsson V-Fíflholti. Hefur verið á Búnaðarþingi sl. ár og vill gefa kost á sér áfram.

Helgi Eggertsson, Kjarri. Gefur ekki kost á sér til setu á Búnaðarþingi og bað þess sama fyrir Hrafinkel Karlsson, Hrauni.

Gunnar Eiríksson, Túnsbergi býður sig fram til setu á Búnaðarþingi.

Oddný Steina Valsdóttir, Butru. Býr sauðfjárbúi og er með nautaeldi ásamt manni sínum Ágústi Jenssyni og vill bjóða sig fram til setu á Búnaðarþingi.

Nefndir hefja störf.

Kaffihlé

### 13. Nefndarskipan.

Sveinn Sigurmundsson, kynnti tillögur lagði fram þá tillögu sem kom fram á fundinum og hvatti menn til að koma með tillögur. Nefndirnar verða 5, allsherjarnefnd, fjárhagsnefnd, sauðfjárnefnd, nautgripanefnd og hrossaræktarnefnd. Hann lagði til að Elín B. Sveinsdóttir yrði formaður fjárhagsnefndar og Egill Sigurðsson formaður allsherjarnefndar. Hann hvatti menn til að fara í þær nefndir sem þeir hefðu áhuga á, en menn yrðu ekki skipaðir í nefndir.

### 14. Niðurstöður Búnaðarpingskosninga

Aðalmenn

Guðbjörg Jónsdóttir, Læk 33 atkvæði  
Ólafur Þ. Gunnarsson, Giljum 32 atkvæði  
Oddný Steina Valsdóttir, Butu 31 atkvæði  
Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi 28 atkvæði  
Guðrún Stefánsdóttir, Hlíðarendakoti 27 atkvæði  
Þórir Jónsson, Selalæk 25 atkvæði  
Stefán Geirsson, Gerðum 24 atkvæði

Varamenn

Egill Sigurðsson, Berustöðum 28 atkvæði  
Ágúst Rúnarsson, Vestra-Fíflholti 32 atkvæði  
Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ 32 atkvæði  
Elvar Eyvindsson, Skíðbakka 29 atkvæði  
Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum 6 atkvæði  
Erlendur Ingvarsson, Skarði 7 atkvæði  
Ragnar M. Lárusson, Stóra-Dal 5 atkvæði

### 15. Kosningar í stjórn Búnaðarsambands

Suðurlands

Kjósa skal um tvo stjórnarmenn og tvo í varastjórn úr Rangárvallasýslu. Kosningar aðal- og varamanna eru aðskildar.

Egill Sigurðsson, Berustöðum kom í pontu, hann fékk ekki brautargengi til setu á Búnaðarþingi og lýsti því yfir að hann gæfi ekki kost á sér til setu í stjórn Búnaðarsambandsins.

Fundarstjóri, Ragnar M. Lárusson, biður um fundarhlé þegar Egill hafði gert grein fyrir ákvörðun sinni. Rangæingar ráða ráðum sínum í fundarherbergi.

Hléi lýkur. Egill Sigurðsson gerir grein fyrir tillögu Rangæinga, sem er að Ragnar M. Lárusson verði áfram aðalmaður Rangæinga í stjórn og Erlendur Ingvarsson bætist við. Þessi tillaga lögð fyrir fundinn en fundarmenn eru algerlega óbundnir í leynilegri kosningu.

### Niðurstöður kosninga - aðalmenn Rangæinga

Ragnar M. Lárusson, Stóra-Dal: 36 atkvæði  
Erlendur Ingvarsson, Skarði: 33 atkvæði  
Oddný Steina Valsdóttir, Butru: 4 atkvæði  
Þórir Jónsson, Selalæk: 3 atkvæði  
Guðrún Stefánsdóttir, Hlíðarendakoti: 2 atkvæði  
Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum: 1 atkvæði

### Niðurstöður kosninga – varamenn Rangæinga

Erlendur Ingvarsson, Skarði kemur í pontu og þakkar það traust sem honum er sýnt og gerir að tillögu sinni að Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum, og Karel Geir Sverrisson, Seli, verði kjörnir varamenn. Kosning fór þó þannig:

Oddný Steina Valsdóttir: 27 atkvæði  
Sigurður Sæmundsson: 17 atkvæði

### Kosning um skoðunarmenn reikninga

Ólafur Kristjánsson, Geirakoti hefur lokið 6 ára kjörtímabili. Baldur I. Sveinsson, Litla-Ármóti stingur upp á Theódóri Vilmundarsyni, Efsta-Dal og Hrafnkatli Karlssyni, Hrauni. Skoðunarmenn samþykktir með lófaklappi af fundinum. Tillaga um varamenn samþykkt með lófaklappi: Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ og Elín Bjarnveig Sveinsdóttir, Egilsstaðakoti.

Guðbjörg Jónsdóttir, Læk stingur upp á aðal endurskoðanda, Halldóri Arasyni Deloitte, sem samþykktur var með lófaklappi.

### 16. Tillögur lagðar fram frá nefndum – umræður og afgreiðsla.

Formaður fjárhagsnefndar Elín B. Sveinsdóttir, Egilsstaðakoti bar upp tillögur nefndarinnar:

#### Tillaga nr. 1 frá fjárhagsnefnd.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Heimalandi 18.apríl 2012 samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2012

Tillagan samþykkt samhljóða

#### Tillaga nr. 2 frá fjárhagsnefnd.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Heimalandi 18.apríl 2012 leggur til að við gerð fjárhagsáætlunar Kynbótastöðvar Suðurlands fyrir árið 2012 verði sæðingagjöld kr. 1.600,- á kú.

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### Tillaga nr. 3 frá fjárhagsnefnd.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Heimalandi 18.apríl 2012 samþykkir óbreytt árgjald til Búnaðarsambands Suðurlands, alls kr. 1.000,- á félagsmann.

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### Tillaga nr. 4 frá fjárhagsnefnd.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Heimalandi 18.apríl 2012 samþykkir að þóknun aðalfundarfulltrúa miðist við sem svarar tvöföldum dagpeningum ríkisstarfsmanna. Það er kr. 19.400,-

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### Tillaga nr. 5 frá fjárhagsnefnd.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands

haldinn á Heimalandi 18.apríl 2012 samþykkir að laun stjórnarmanna verði kr. 10.000,- (kr. 16.166) fyrir hvern stjórnarfund auk dagpeninga og aksturs samkvæmt ríkistaxta og framreiknað með vísitölubreytingum samkvæmt grunni í launavísitölu í apríl 2005. Formaður fái tvöföld laun og dagpeninga á við aðra stjórnarmenn auk aksturs. Formaður fái að auki eingreiðslu sem nemur kr. 150.000,- (kr. 269.181) miðað við árið 2003 sem framreiknast með launavísitölu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillögur allsherjarnefndar voru næst lagðar fram. Egill Sigurðsson, Berustöðum, bar upp tillögur frá allsherjarnefnd.

Egill fylgdi tillögu 6 úr hlaði með nokkrum orðum og umræðu um framgang málsins á komandi misserum og þá vinnu sem þegar hefur farið fram.

#### **Tillaga nr. 6 frá allsherjarnefnd.**

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Heimalandi 18.apríl 2012 telur tímabært að endurskoða fyrirkomulag leiðbeiningaþjónustunnar, en telur æskilegt að málið fái lengri tíma til undirbúnings og meiri kynningu meðal bænda.

Fundurinn beinir því til Búnaðarsambandsins að taka forystu í þessu máli með þarfir sunnlenskra bænda að leiðarljósi.

Tillagan samþykkt samhljóða

Samúel í Bryðjuholti taldi að ekki mætti geyma málið of lengi heldur og vinna bæri það hratt.

Baldur I. Sveinsson, benti á forystuhlutverk Búnaðarsambandsins í krafti stærðar sinnar og Stóra-Ármóts. Húsnæði til staðar o.fl. o.fl. Skoraði á Guðbjörgu að standa fast og þétt að þessu máli.

Egill Sigurðsson sagði ljóst að hinn almenni bóndi yrði að geta haft áhrif á feril og þróun málsins. Góð leið til að hleypa grasrótinni að þróun málsins.

#### **Tillaga nr. 7 frá allsherjarnefnd.**

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Heimalandi 18.apríl 2012

skorar á Vegagerðina að sinna betur endurnýjun gamalla girðinga, reiðvega og ristahliða meðfram og við stofnbrautir.

Bjarni Þorkelsson kemur með tillögu um að reiðvegum verði bætt inn í tillögunu. Það gert.

Tillagan samþykkt samhljóða með áorðinni breytingu Bjarna.

#### **Frá hrossaræktarnefnd**

Sveinn Steinarsson kom í pontu og ræddi sýningagjöld hrossa, möguleg lækun ef skráning verður meira sjálfvirk inn á sýninguna. Aðrar umræður í hrossaræktarnefnd snúast um kostnað við sjálfa yfirlitssýninguna samanborið við heildarsýningu, lagði þá spurningu fyrir Svein.

Sveinn Sigurmundsson taldi ljóst að vera þyrfti á varðbergi gagnvart kostnaðarþáttum sem kostur er. Kostnaður er einfaldlega mikill enda langir vinnudagar og sérhæft starfsfólk. Sveinn ræddi kostnaðarniðurstöðu síðasta árs þar sem fram kom að 3.000,- kr vantaði upp á hvert hross til að allt sýningahaldið í heild gæti staðið undir sér.

#### **Frá sauðfjárræktarnefnd**

Fanney Ólöf Lárusdóttir kom í pontu. Fimmtán manns voru í nefndinni. Engin tillaga lá fyrirfram fyrir nefndinni. Rætt var um skýrsluhald, almenn ánægja er með störf nýs landsráðunautar (sem ráðinn var tímabundið) og yfirferð hans í skýrsluhaldsmálum. Hauststörfin voru rædd í þaula. Rætt um ástæður minnkandi þátttöku í sæðingum, einkum í Vestur-Skaftafellssýslu. Rætt var um hrútaval og fl. Almenn sátt var um störf Búnaðarsambandsins en engar tillögur komu fram.

#### **Frá nautgriparæktarnefnd**

Þórir Jónsson, gerði grein fyrir umræðum í nefndinni. Rætt var um tilraunastarfið á Stóra-Ármóti og fram komu jákvæðar hugmyndir um eflingu þess. Margir nefndarmenn munu hafa verið áhugasamir um innblöndun nýs erfðaefnis í stofninn. Þórir lýsti ánægju nefndarmanna með námskeiðahald síðastliðinn vetur s.s. námskeið um fjósbyggingar.

Stefán Geirsson kom í pontu og bætti við frá umræðu nefndarinnar um blautvig og þurrvig skrokka. Samkvæmt umræðum rýra sláturhúsin vigt bænda að ósekju, samkvæmt áliti kjötiðnaðarmanns. Enn fremur taldi Stefán að nefndarmenn hefðu alls ekki verið á eitt sáttir um innflutning nýs erfðaefnis.

#### **17. Reikningar bornir undir atkvæði.**

Reikningur BSSL fyrir 2011 samþykktir samhljóða með handauppréttingu.

#### **18. Önnur mál**

Fundarstjóri opnar fyrir önnur mál. Tekur orðið sjálfur og þakkar Agli Sigurðssyni

fyrir farsælt samstarfá vettvangi Búnaðarsambandsins. Bauð Erlend Ingvarsson velkominn til starfa.

Ólafur Þ. Gunnarsson, Giljum, bað um orðið. Þakkaði auðsýnt traust til sín, kjörinn á búnaðarþing. Óskaði öðrum kjörnum fulltrúum til lukku og þakkaði Agli og fleirum fyrir vel unnin störf. Lýsti áhyggjum sínum af sauðfjársæðingum í V-Skaftafellssýslu. Þátttaka í sæðingum hefur þar verið í frjálsum falli. Nefndi deyfð meðal bænda, óánægja með þá hrúta sem í boði eru. Taldi að í þessum eignum væru menn þó að skjóta sig í fótinn með því að taka ekki þátt í þessu starfi. Gerði það að tillögu sinni að þetta mál yrði sérstaklega kannað. Sagðist sjálfur hafa notað sæðingarnar mikið. Lýsti ýmsum tilraunum á sínu búi í tengslum við sæðingar.

Sveinn Sigurmundsson bað um orðið. Ræddi þátttöku

í sæðingum í V-Skaftafellsýslu. Taldi árangurinn að sæðingunum þó ótvíræðan. Þakkaði Agli Sigurðssyni kærlega fyrir vel og vasklega unnin störf. Nefndi nokkra eldri stjórnarmenn. Breytingar framundan eru í farvatninu hjá Búnaðarsambandinu. Við þurfum að vinna sem best úr þessari stöðu. Miklar breytingar á fulltrúum bænda til Búnaðarþings en 5 af 7 fulltrúum eru nýjir á Búnaðarþingi. Jákvætt að sjá auðsýndan áhuga fólks á því að starfa að hagsmunamálum bænda.

Guðbjörg Jónsdóttir bauð nýjan stjórnarmann velkominn til starfa. Sagði stórt skarð að fylla enda Egill geysiöflugur og traustur félagi. Bauð alla nýkjörna fulltrúa velkomna til starfa. Þakkaði Sveini Ingvarssyni sérstaklega vel unnin störf.

Egill Sigurðsson, taldi ákvörðun sína rökrétta og skynsamlega, að ganga úr stjórn eftir 12 ára starf. Óskaði nýju fólki velfarnaðar og alls góðs í framtíðinni. Þakkaði meðstjórnarfólki og starfsmönnum öllum á liðnum árum. Mikilvægt að halda vel utan um starfsfólkið. Þó Búnaðarsambandið standi sterkt fjárhagslega þá er mannauðurinn mikilvægastur þegar

upp verður staðið.

Stefán Geirsson þakkaði auðsýnt traust með kjöri til Búnaðarþings. Bar upp tillögu sem var að fæðast.

„Aðalfundur BSSL, haldinn að Heimalandi 18. apríl 2012, samþykkir að beina því til Landssambands kúabænda að gerð verði athugun á rýrnun nautakjöts við geymslu. Sláturhús meta rýrnun milli blautvigtar og þurrvigtar 2,5%“.

Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri, dró saman og þakkaði góðan fund. Gaf Guðbjörgu formanni orðið.

Guðbjörg þakkaði góðan fund og sleit fundi.

## 19. Fundarslit.

**Fundið slitið kl: 18.19**

Helga Sigurðardóttir.

# Lög Búnaðarsambands Suðurlands

## 1. gr.

Búnaðarsamband Suðurlands er samband búnaðar- og búgreinafélaga sem starfa að einhverju eða öllu leyti í Árnassýslu, Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu. Það er aðili að Bændasamtökum Íslands. Heimili og varnarþing þess er á Selfossi.

Nái starfssvæði aðildarfélags inn á starfssvæði annars búnaðarsambands skal leitað eftir samstarfssamningi við það.

## 2. gr.

Aðild að Búnaðarsambandinu geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar, sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni, enda séu þeir félagar í búnaðar- eða búgreinafélagi, sbr. 1. gr

Aðild einstaklinga skal óháð því hvort þeir stunda búrekstur í eigin nafni eða annarra. Undir búrekstur fellur hverskonar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylækt. Einnig eftirfarandi starfsemi fari hún fram á lögbýlum:

Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla, úrvinnsla og þjónusta.

Einstaklingar sem félagar eru í fleiri en einu aðildarfélagi skulu tilnefna eitt þeirra sem sitt aðalfélag, sem þar með ber ábyrgð á aðild þeirra. Samkvæmt því skal Búnaðarsambandið halda skrá yfir aðildarfélög sín og samræmda félagaskrá yfir alla félagsmenn þeirra. Sú félagaskrá er jafnframt félagaskrá Búnaðarsambandsins.

## 3. gr.

Tilgangur sambandsins er að efla hvers konar framfarir í landbúnaði, gæta hagsmuna og auka hagsæld þeirra sem landbúnað stunda.

Að framfylgja á hverjum tíma gildandi löggjöf um íslenskan landbúnað í samstarfi við þá aðila sem annast framkvæmd slíkra laga.

## 4. gr.

Búnaðarsambandið mun leitast við að ná tilgangi sínum með því að:

a) Hafa í þjónustu sambandsins sem best menntaða leiðbeinendur, sem veiti faglega aðstoð í sem flestum greinum landbúnaðarins.

b) Efla hverskonar félagsmálastarfsemi í héraðinu sem vinnur að framförum í landbúnaði.

c) Gefa út ársrit og annast aðra útgáfustarfsemi til fróðleiks og framfara eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum tíma.

d) Búnaðarsambandinu ber að sjá um kosningu til Búnaðarþings samkvæmt samþykktum Bændasamtaka Íslands.

#### 5.gr.

Heimilt er Búnaðarsambandinu að innheimta árgjald af félögum. Skal þá hvert aðildarfélag standa skil á greiðslu þess í samræmi við fyrirbyggjandi félagaskrá samkv. 2.gr. Árgjald Búnaðarsambandsins er ákveðið á aðalfundi sambandsins hverju sinni fyrir næsta ár. Gjöldum þessum skal skilað fyrir 1. desember ár hvert ásamt félagatali.

Reikningsár Búnaðarsambandsins er almanaksárið.

#### 6. gr.

Stjórn Búnaðarsambandsins skal skipuð fimm mönnum. Formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Kosnir skulu jafnmargir til vara. Stjórn og varastjórn skal þannig skipuð: Úr Vestur-Skaftafellssýslu einnstjórnarmaður, úr Rangárvallasýslu tveir og úr Árnessýslu tveir. Stjórnarmenn og varamenn þeirra skulu kosnir til þriggja ára, þannig að Árnesingar skulu kosnir eitt árið, Rangæingar annað árið og Vestur-Skaftafellingar hið þriðja.

Löggiltur endurskoðandi skal kosinn árlega. Tveir skoðunarmenn reikninga skulu kosnir til tveggja ára í senn og tveir til vara. Skoðunarmaður reikninga skal eigi starfa lengur en sex ár í senn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún ræður framkvæmdastjóra, er sér um daglegan rekstur sambandsins, reikningshald og ráðningu starfsfólks í samráði við stjórn sambandsins.

#### 7.gr.

Aðalfundur Búnaðarsambandsins skal haldinn árlega, eigi síðar en í júní-mánuði. Skal boða til hans með minnst hálfsmánaðar fyrirvara.

Á aðalfundi eiga sæti kjörnir fulltrúar félaga sem aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands hefur samþykkt sem aðildarfélög.

Hvert aðildarfélag á rétt á fulltrúum sem hér segir:

Þar sem félagatala er allt að 60, einn fulltrúa.

Þar sem félagatala er 61-120, tvo fulltrúa.

Þar sem félagatala er 121-180, þrjú fulltrúa.

Þar sem félagatala er 181-240, fjóra fulltrúa, o.s.frv.

Auka fulltrúafund skal halda ef meirihluti stjórnar eða einn þriðji hluti kjörinna fulltrúa krefst þess. Auk kjörinna fulltrúa eiga stjórn sambandsins og ráðunautar

þess málfrelsi og tillögurétt, svo og allir félagsmenn aðildarfélaga. Atkvæðisrétt hafa aðeins kjörnir fulltrúar. Þó skal enginn fara með nema eitt atkvæði.

Aðalfundur er lögmætur ef helmingur kjörinna fulltrúa er mættur ásamt meirihluta stjórnar sambandsins. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætum aðalfundi til þess að lagabreytingar hljóti löglega afgreiðslu, enda hafi tillaga að lagabreytingu verið send út með fundarboði.

#### 8. gr.

Á aðalfundi skal stjórnin leggja fram til umræðu og afgreiðslu:

1. Endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir undanfarið ár, ásamt félagaskrá skv. 2. gr.

2. Skýrslu um starfsemi sambandsins undanfarið ár.

3. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi reikningsár.

4. Kjósa trúnaðarmenn samkvæmt 6. grein.

#### 9. gr.

Stjórn Búnaðarsambandsins er heimilt að kjósa heiðursfélaga. Hvorki aðalfundur né aðrir opnir fundir eru ályktunarfærir um kjör heiðursfélaga. Fjöldi heiðursfélaga skal stilla mjög í hóf. Við kjör heiðursfélaga skal afhenda heiðursskjal undirritað af stjórnarmönnum sambandsins. Heiðursfélögum skal boðið að taka þátt í öllum hátíðarfundum sambandsins. Þeir skulu einnig boðaðir á aðalfund sambandsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

#### 10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt af aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands, undirritað af stjórn og staðfest af Bændasamtökum Íslands.





# Búnaðarsamband Suðurlands

---

Ársreikningur

---

## 2012

---

Búnaðarsamband Suðurlands  
Austurvegi 1  
800 Selfoss  
kt. 490169-6609



# Búnaðarsamband Suðurlands

---

Ársreikningur

---

**2012**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-15
Sundurliðanir	16-18

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og eiganda Búnaðarsambands Suðurlands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábending

Athygli er vakin á skýringu nr. 15 um lífeyrisskuldbindingu.

Kópavogi, 3. apríl 2013

**Deloitte ehf.**

Halldór Arason  
endurskoðandi

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Búnaðarsambands Suðurlands höfum yfirfarið ársreikning þennan. Við teljum hann vera í samræmi við ákvæði laga og samþykktir sambandsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Selfossi, 3. apríl 2013

Hrafnkell Karlsson

Theódór Vilmundarson

# Skýrsla stjórnar

---

Ársreikningur Búnaðarsambands Suðurlands er gerður samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum í samræmi við lög um ársreikninga.

Á árinu 2012 var tap samtakanna kr. 515.015. Stjórn samtakanna leggur til að tap ársins verði fært til lækkunar á eigin fé eins og fram kemur í skýringum ársreikningsins.

Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir 248,1 milljónum króna. Eigið fé í árslok nemur 218,5 milljónum króna og lækkaði á árinu um kr. 280.215.

Þann 1. janúar 2013 tók Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf. (RML) við ráðgjafarþjónustu búnaðasambandanna í landinu í samræmi við samþykkt búnaðarþings frá febrúar 2012. Starfsemi Búnaðarsambands Suðurlands mun því taka miklum breytingum á árinu 2013.


Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Búnaðarsambands Suðurlands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Selfossi, 3. apríl 2013

Í stjórn

  
Guðbjörg Jónsdóttir

  
Ragnar M. Lárusson

  
Erlendur Ingvarsson

  
Gunnar Kr. Eiríksson

  
Jón Jónsson

Framkvæmdastjóri

  
Sveinn Sigurmundsson

## Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Seld þjónusta og afurðir .....		140.605.842	128.083.072
Starfsfé .....		92.399.358	116.539.878
Aðrar tekjur .....		5.589.504	4.985.400
		<u>238.594.704</u>	<u>249.608.350</u>
Rekstrarvörur .....		(42.017.212)	(39.759.481)
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	3	(144.644.223)	(134.242.420)
Bífreiða- og ferðakostnaður .....		(32.734.877)	(27.762.410)
Annar rekstrarkostnaður .....		(28.655.995)	(35.740.109)
Afskriftir .....	6	(6.020.237)	(6.770.283)
		<u>(254.072.544)</u>	<u>(244.274.703)</u>
<b>(Rekstrartap), rekstrarhagnaður</b>		(15.477.840)	5.333.647
Fjármunatekjur .....		1.421.520	1.061.104
Fjármagnsgjöld .....		(350.970)	(93.581)
Markaðsverðbréf .....		4.334.252	3.317.912
	4	<u>5.404.802</u>	<u>4.285.435</u>
<b>Dótturfélag</b>			
Afkoma dótturfélags .....	7	5.938.498	3.079.560
		<u>5.938.498</u>	<u>3.079.560</u>
<b>(Tap), hagnaður fyrir skatta</b>		(4.134.540)	12.698.642
Tekjuskattur .....	5	3.619.525	(3.202.671)
		<u>3.619.525</u>	<u>(3.202.671)</u>
<b>(Tap), hagnaður ársins</b>		<u>(515.015)</u>	<u>9.495.971</u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

## Eignir

	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	50.988.560	55.092.763
Eignarhlutur í dótturfélagi .....	7	61.717.140	55.543.842
Fjárfestingaverðbréf .....	8	41.179	36.924
		<u>112.746.879</u>	<u>110.673.529</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	9	1.078.600	929.600
Viðskiptakröfur .....	10	34.079.229	19.942.608
Kröfur á dótturfélag .....	16	21.018.529	18.172.912
Aðrar skammtímakröfur .....	10	521.527	753.103
Markaðsverðbréf .....	11	61.506.923	59.417.260
Handbært fé .....	10	17.150.230	38.893.107
		<u>135.355.038</u>	<u>138.108.590</u>
<b>Eignir</b>		<u>248.101.917</u>	<u>248.782.119</u>

## Eigið fé og skuldir

<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	12	218.528.029	218.808.244
Eigið fé		<u>218.528.029</u>	<u>218.808.244</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	13	695.160	4.314.685
		<u>695.160</u>	<u>4.314.685</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	14	5.925.606	7.578.900
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	5	0	216.547
Aðrar skammtímaskuldir .....	14	22.953.122	17.863.743
		<u>28.878.728</u>	<u>25.659.190</u>
Skuldir		<u>29.573.888</u>	<u>29.973.875</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>248.101.917</u>	<u>248.782.119</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Rekstartap), rekstrarhagnaður .....		(15.477.840)	5.333.647
Afskriftir .....	6	6.020.237	6.770.283
Sölutap (-hagnaður) fastafjármuna .....		1.329.384	(360.611)
<b>Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>(8.128.219)</b>	<b>11.743.319</b>
Birgðir, (hækkun) .....		(149.000)	(241.400)
Rekstartengdar eignir (hækkun), lækkun .....		(13.660.456)	4.564.197
Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) .....		3.436.085	(3.835.819)
<b>Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>(18.501.590)</b>	<b>12.230.297</b>
Innborgaðir vextir og arður .....		1.417.265	1.061.104
Greiddir vextir .....		(350.970)	(93.581)
Greiddir skattar .....		(216.547)	0
<b>Handbært fé (til), frá rekstri</b>		<b>(17.651.842)</b>	<b>13.197.820</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	(3.245.418)	(3.598.515)
Hækkun krafna á dótturfélag .....		(2.845.617)	(52.039)
Innleyst markaðsverðbréf .....		2.000.000	5.000.000
		<b>(4.091.035)</b>	<b>1.349.446</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjármögnunarhreyfingar .....		0	0
		<b>0</b>	<b>0</b>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....		(21.742.877)	14.547.266
Handbært fé í upphafi árs .....		38.893.107	24.345.841
Handbært fé í lok árs .....		<b>17.150.230</b>	<b>38.893.107</b>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Búnaðarsamband Suðurlands er samband búnaðar- og búgreinafélaga á Suðurlandi. Verkefni sambandsins eru í aðalatriðum lögbundin, þ.e. Rekstur leiðbeiningastöðvar og fagleg ráðgjöf fyrir bændur, rekstur sæðingastöðva fyrir nautgripi og sauðfé og að vera starfandi tengiliður milli Bændasamtaka Íslands, búnaðar- og búgreinafélaga á félagssvæðinu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði í árslok að teknu tilliti til niðurfærslu. Að öðru leyti er ársreikningurinn byggður á kostnaðarverðreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og er hlutdeild í afkomu fæðt til tekna í rekstrarreikningi. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvirkir gjaldeyriskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Tekjur frá Búnaðarmálasjóði og búnaðarfélögum eru í meginatriðum tekjufærðar við greiðslu en tekjur af sölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Sala er skráð þegar vörur og þjónusta eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

# Skýringar

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 36%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Birgðir

Birgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

### Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

# Skýringar

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2012	2011
Laun .....	117.605.605	108.406.235
Lífeyrissjóður .....	12.875.115	11.747.815
Önnur launatengd gjöld .....	12.211.508	11.982.991
Annar starfsmannakostnaður .....	1.951.995	2.105.379
	<u>144.644.223</u>	<u>134.242.420</u>
Meðalfjöldi starfa .....	28	26

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar félagsins á árinu 2012 námu 2,6 milljónum króna.

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2012	2011
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	1.182.055	793.747
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	27.530	19.448
Aðrar vaxtatekjur .....	211.935	247.909
	<u>1.421.520</u>	<u>1.061.104</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Dráttarvaxtagjöld .....	(298.342)	(28.749)
Önnur vaxtagjöld .....	<u>(52.628)</u>	<u>(64.832)</u>
	(350.970)	(93.581)

Markaðsverðbréf greinast þannig:

Markaðsverðbréf hagnaður .....	4.334.252	3.317.912
	<u>4.334.252</u>	<u>3.317.912</u>
	<u>5.404.802</u>	<u>4.285.435</u>

## 5. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 3,6 milljónum króna. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2013 þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2012		2011	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
(Tap), hagnaður fyrir skatta .....	(4.134.540)		12.698.642	
Skatthlutfall .....	(1.488.434)	36,0%	4.571.511	36,0%
Hlutdeild í afkomu dótturfélags .....	(2.137.859)	51,7%	(1.108.642)	-8,7%
Leiðrétting á tekjuskattskuldbindingu frá fyrri árum ....	0	0,0%	(266.966)	-2,1%
Aðrir liðir .....	<u>6.768</u>	-0,2%	<u>6.768</u>	0,1%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>(3.619.525)</u>	87,5%	<u>3.202.671</u>	25,2%

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	58.367.272	11.476.865	44.303.067	114.147.204
Eignfært á árinu .....	0	0	4.979.681	4.979.681
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	(7.043.092)	(7.043.092)
Staða í árslok .....	58.367.272	11.476.865	42.239.656	112.083.793
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	28.632.868	8.583.357	21.838.216	59.054.441
Afskrift ársins .....	1.881.311	502.547	3.636.379	6.020.237
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	(3.979.445)	(3.979.445)
Staða í árslok .....	30.514.179	9.085.904	21.495.150	61.095.233
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	29.734.404	2.893.508	22.464.851	55.092.763
Bókfært verð í árslok .....	27.853.093	2.390.961	20.744.506	50.988.560
Afskriftarhlutföll .....	3-6%	10-20%	15-20%	
Fasteignamat og váttryggingamat eigna í árslok greinist þannig:				
			Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Fasteignir og lóðir .....			73.168.000	164.412.000
Vélar og tæki, eignatryggingar .....				23.113.000
Ábyrgðatrygging .....				500.000.000

## 7. Eignarhluti í dótturfélagi

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi	
<b>Eignarhlutar í dótturfélagi:</b>				
Stóra-Ármót ehf. ....	100,00%	10.000.000	Tilraunabú fyrir landbúnað	
			2012	2011
Staða í ársbyrjun .....			55.543.842	52.303.082
Matsbreyting bústofns .....			234.800	161.200
Afkoma .....			5.938.498	3.079.560
Staða í árslok .....			61.717.140	55.543.842

## 8. Fjárfestingaverðbréf

	2012	2011
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	41.179	36.924
	41.179	36.924
	Nafnverð	Bókfært verð
<b>Önnur félög:</b>		
Ístex hf. hlutabréf .....	1.499	1.983
Stofnsjóður SS .....	39.196	39.196
	40.695	41.179



## Skýringar

### 9. Birgðir

	31.12.2012	31.12.2011
Birgðir .....	1.078.600	929.600
	<u>1.078.600</u>	<u>929.600</u>

### 10. Aðrar peningalegar eignir

#### Viðskiptakröfur

	31.12.2012	31.12.2011
Innlendar viðskiptakröfur .....	36.900.852	22.763.606
Greiðslukort .....	0	96.160
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(2.821.623)	(2.917.158)
	<u>34.079.229</u>	<u>19.942.608</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

#### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2012	31.12.2011
Virðisaukaskattur .....	0	215.559
Fjármagnstekjuskattur .....	521.527	537.544
	<u>521.527</u>	<u>753.103</u>

#### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2012	31.12.2011
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	17.111.112	38.859.062
Bankainnstæður í erlendri mynt .....	0	11.886
Sjóður .....	39.118	22.159
	<u>17.150.230</u>	<u>38.893.107</u>

### 11. Markaðsverðbréf

	2012	2011
Staða í ársbyrjun .....	60.546.246	62.624.296
Innleyst á árinu .....	(2.000.000)	(5.000.000)
Fjármagnstekjuskattur, afdreginn .....	(244.589)	(356.073)
Breyting varúðarniðurfærslu .....	42.646	(39.889)
Verðbreytingar .....	<u>4.334.252</u>	<u>3.317.912</u>
	<u>62.678.555</u>	<u>60.546.246</u>
Breytingar á varúðarniðurfærslu greinist þannig:		
Staða í ársbyrjun .....	(1.128.986)	(1.168.875)
Breyting varúðarniðurfærslu .....	<u>(42.646)</u>	<u>39.889</u>
	<u>(1.171.632)</u>	<u>(1.128.986)</u>
Staða í árslok .....	<u>61.506.923</u>	<u>59.417.260</u>

# Skýringar

## 12. Eigið fé

	<u>Óráðstafað eigið fé</u>
Eigið fé 1.1. 2011 .....	209.151.073
Matsbreyting dótturfélags .....	161.200
Hagnaður ársins 2011 .....	<u>9.495.971</u>
Eigið fé 1.1. 2012 .....	218.808.244
Matsbreyting dótturfélags .....	234.800
Tap ársins 2012 .....	<u>(515.015)</u>
Eigið fé 31.12. 2012 .....	<u>218.528.029</u>

## 13. Tekjuskattsskuldbinding

	<u>Skuldbinding</u>
Staða 1.1.2011 .....	(1.328.561)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2011 .....	(3.202.671)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2012 .....	<u>216.547</u>
Staða 1.1.2012 .....	(4.314.685)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2012 .....	3.619.525
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2013 .....	<u>0</u>
Staða 31.12.2012 .....	<u>(695.160)</u>

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	<u>31.12.2012</u>	<u>31.12.2011</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	(1.139.270)	(1.069.458)
Viðskiptakröfur .....	351.569	638.701
Markaðsverðbréf .....	(4.984.226)	(3.883.928)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	5.076.767	0
	<u>(695.160)</u>	<u>(4.314.685)</u>

## 14. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	<u>31.12.2012</u>	<u>31.12.2011</u>
Innlendar viðskiptaskuldir .....	5.925.606	7.578.900
	<u>5.925.606</u>	<u>7.578.900</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2012</u>	<u>31.12.2011</u>
Virðisaukaskattur .....	4.838.861	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	15.147.171	14.896.653
Afmælisgjafasjóður .....	2.967.090	2.967.090
	<u>22.953.122</u>	<u>17.863.743</u>

# Skýringar

---

## 15. Aðrar skuldbindingar

Skuldbindingar vegna lífeyrisgreiðslna fyrrverandi starfsmanna eru hvorki reiknaðar né færðar í ársreikninginn. Frá og með árinu 2005 hefur kostnaður vegna skuldbindingarinnar verið dreginn frá starfsfé skv. búnaðarlögum áður en því er skipt milli búnaðarsambanda.

## 16. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint, þ.m.t. eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félögum samstæðunnar, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Engin veruleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu 2012.

Staða við tengd félög árið 2012:	Kröfur	Skuldir
Stóra-Ármót ehf., dótturfélag .....	21.018.529	0
	<u>21.018.529</u>	<u>0</u>
Staða við tengd félög árið 2011:	Kröfur	Skuldir
Stóra-Ármót ehf., dótturfélag .....	18.172.912	0
	<u>18.172.912</u>	<u>0</u>

## 17. Önnur mál

Þann 1. janúar 2013 tók Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf. (RML) við ráðgjafarþjónustu búnaðasambandanna í landinu í samræmi við samþykkt búnaðarþings frá febrúar 2012. Starfsemi Búnaðarsambands Suðurlands mun því taka miklum breytingum á árinu 2013.

## 18. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 3. apríl 2013.

# Skýringar

## 19. Samstæðuylit

### Búnaðarsamband Suðurlands og Stóra Ármót ehf.

Úrdráttur úr samstæðureikningi

#### Rekstrarreikningur

	2012	2011
Rekstrartekjur .....	285.792.577	297.909.582
Rekstrargjöld .....	(284.118.822)	(276.665.806)
Afskriftir .....	(10.971.047)	(11.267.766)
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld .....	6.652.079	3.497.222
Skattar .....	2.130.198	(3.977.261)
(Tap), hagnaður ársins	(515.015)	9.495.971

#### Efnahagsreikningur

	31.12.2012	31.12.2011
<b>Eignir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .....	92.713.706	97.726.719
Eignarhlutir í félögum og fjárfestingarverðbréf .....	35.810.998	33.912.248
Veltufjármunir .....	129.899.270	137.996.419
Eignir alls	258.423.974	269.635.386
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
Eigið fé .....	218.528.028	218.808.243
Langtímaskuldir og skuldbindingar .....	5.695.892	21.719.151
Skammtímaskuldir .....	34.200.054	29.107.992
Eigið fé og skuldir alls	258.423.974	269.635.386

#### Sjóðstreymi

	2012	2011
(Tap), hagnaður ársins .....	(9.297.292)	9.976.010
Afskriftir .....	10.971.047	11.267.766
Aðrar breytingar .....	749.384	(2.317.308)
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	2.423.139	18.926.468
Breyting á:		
Rekstrartengdum eignum .....	(13.909.918)	3.464.886
Rekstrartengdum skuldum .....	4.550.844	(3.646.345)
<b>Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta</b>	(6.935.935)	18.745.009
Innborgaðir vextir og arður .....	3.753.971	1.962.941
Greiddir vextir .....	(2.034.222)	(955.577)
Greiddir skattar .....	(216.547)	0
	(5.432.733)	19.752.373
Fjárfestingahreyfingar .....	(9.447.530)	(3.262.851)
Fjármögnunarhreyfingar .....	(9.695.856)	(1.598.714)
	(19.143.386)	(4.861.565)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....	(24.576.119)	14.890.808
Handbært fé í ársbyrjun .....	42.795.274	27.904.466
Handbært fé í árslok .....	18.219.155	42.795.274

# Skýringar

## 20. Rekstrarreikningur deilda árið 2012

	BSSL Aðalskrifstofa	Kynbóta- stöð	Sauðfjár- sæðingastöð	Bænda- bókhald	Samtals 2012
<b>REKSTRARTEKJUR:</b>					
Seld þjónusta og afurðir .....	35.083.657	73.860.915	11.262.585	20.398.685	140.605.842
Starfsfé .....	82.151.126	7.658.232	2.378.800	211.200	92.399.358
Aðrar tekjur .....	5.295.504	294.000	0	0	5.589.504
	<u>122.530.287</u>	<u>81.813.147</u>	<u>13.641.385</u>	<u>20.609.885</u>	<u>238.594.704</u>
<b>REKSTRARGJÖLD:</b>					
Rekstrarvörur .....	(18.237.884)	(22.064.297)	(1.715.031)	0	(42.017.212)
Laun og annar starfsm.k. ....	(89.457.142)	(36.066.223)	(3.080.629)	(16.040.229)	(144.644.223)
Bífreiða- og ferðakostnaður .....	(15.230.533)	(17.504.344)	0	0	(32.734.877)
Annar rekstrarkostnaður .....	(10.823.181)	(5.923.751)	(7.649.310)	(4.259.753)	(28.655.995)
Afskriftir .....	(2.860.597)	(2.980.000)	(179.640)	0	(6.020.237)
	<u>(136.609.337)</u>	<u>(84.538.615)</u>	<u>(12.624.610)</u>	<u>(20.299.982)</u>	<u>(254.072.544)</u>
<b>(Rekstrartap), hagnaður .....</b>	<b>(14.079.050)</b>	<b>(2.725.468)</b>	<b>1.016.775</b>	<b>309.903</b>	<b>(15.477.840)</b>
Hlutdeild í afkomu dótturf. ....	5.938.498	0	0	0	5.938.498
Fjármunatekjur .....	1.028.854	91.900	71.122	229.644	1.421.520
Fjármagnsgjöld .....	(188.974)	(44.912)	(3.681)	(113.403)	(350.970)
Markaðsverðbréf .....	2.653.610	1.365.524	315.118	0	4.334.252
<b>(Tap), hagnaður fyrir skatta ....</b>	<b>(4.647.062)</b>	<b>(1.312.956)</b>	<b>1.399.334</b>	<b>426.144</b>	<b>(4.134.540)</b>
Tekjuskattur .....	3.619.525	0	0	0	3.619.525
<b>(Tap), hagnaður .....</b>	<b>(1.027.537)</b>	<b>(1.312.956)</b>	<b>1.399.334</b>	<b>426.144</b>	<b>(515.015)</b>

# Sundurliðanir

	2012	2011
<b>Seld þjónusta og afurðir</b>		
Seld þjónusta .....	54.309.616	49.407.393
Sala bóka .....	156.823	186.512
Námskeið .....	809.555	762.072
Útseldur akstur .....	7.548	6.732
Útseld vinna .....	198.800	184.189
Sæðingatekjur, kynbótastöð .....	14.897.655	10.917.029
BÍ mjólkursamningur, kynbótastöð .....	56.202.663	54.017.625
Klaufskurður, kynbótastöð .....	2.760.597	2.064.614
Sæðingatekjur, sauðfjársæðingastöð .....	8.778.275	6.871.885
Útflutningur, sauðfjársæðingastöð .....	867.968	2.096.726
Afurðatekjur, sauðfjársæðingastöð .....	58.342	24.043
Önnur sala, sauðfjársæðingastöð .....	1.558.000	1.544.252
	<u>140.605.842</u>	<u>128.083.072</u>
<b>Starfsfé</b>		
<i>Bændasamtök Íslands:</i>		
BÍ - Vegna launa og ferðakostnaðar .....	20.762.756	22.591.198
BÍ - Vegna búfjárræktar .....	9.155.411	14.059.400
BÍ - Þátttaka í launakostnaði .....	8.738.232	7.393.990
BÍ - Annað .....	983.800	2.315.320
	<u>39.955.199</u>	<u>46.359.908</u>
Búnaðarmálagjald .....	49.026.951	56.773.781
Búnaðarfélag .....	1.331.000	1.474.000
Annað .....	2.086.208	11.932.189
	<u>92.399.358</u>	<u>116.539.878</u>
<b>Aðrar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	5.295.504	4.985.400
Ýmsir styrkir og framlög .....	189.000	0
Aðrar tekjur .....	105.000	0
	<u>5.589.504</u>	<u>4.985.400</u>



# Sundurliðanir

	2012	2011
<b>Kostnaðarverð seldra vara</b>		
Efnagreiningar keyptar .....	1.910.764	1.454.444
Aðföng önnur BÍ Hrossadómar .....	4.265.985	4.065.232
Kostnaður vegna eldgos .....	2.138.147	2.678.045
Kostnaður vegna sýninga .....	8.760.599	8.022.028
Aðföng til endursölu .....	1.162.389	951.929
Keypt sæði .....	18.129.975	14.260.195
Aðkeyptar sæðingar .....	0	3.108.039
Aðkeypt þjónusta, klaufskurður .....	3.060.986	2.622.470
Rekstrarvörur .....	873.336	877.381
Fóður .....	303.577	227.827
Rekstrarvörur .....	563.327	740.041
Áhaldakostnaður .....	152.127	93.250
	<u>41.321.212</u>	<u>39.100.881</u>
Bústofn frá fyrra ári .....	929.600	688.200
Keyptur bústofn .....	845.000	900.000
Bústofn í árslok .....	(1.078.600)	(929.600)
	<u>696.000</u>	<u>658.600</u>
	<u>42.017.212</u>	<u>39.759.481</u>
<b>Laun og annar starfsmannakostnaður</b>		
Vinnulaun .....	116.449.561	107.455.625
Önnur laun .....	1.156.044	950.610
Tryggingagjald .....	10.674.571	10.749.279
Lífeyrissjóður .....	12.875.115	11.747.815
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður .....	1.480.819	1.227.368
Starfsmannatryggingar .....	114.406	99.528
Áunnið orlof, breyting .....	(58.288)	(93.184)
Dagpeningar .....	363.740	343.575
Námskeið .....	0	357.000
Annar starfsmannakostnaður .....	1.588.255	1.404.804
	<u>144.644.223</u>	<u>134.242.420</u>
<b>Bifreiða- og ferðakostnaður</b>		
Ferðakostnaður starfsmanna .....	9.903.660	9.054.821
Bifreiðaafnot .....	4.804.687	2.720.130
Bensín og olíur .....	9.864.282	8.865.676
Viðgerðir .....	3.186.703	2.730.658
Dekjakostnaður .....	1.257.470	1.985.475
Skattur og tryggingar .....	2.285.182	1.915.660
Aðkeyptur akstur .....	42.598	55.764
Smurning .....	533.015	653.241
Söluhagnaður bifreiða .....	1.329.384	(360.611)
Annað .....	(472.104)	141.596
	<u>32.734.877</u>	<u>27.762.410</u>

## Sundurliðanir

	2012	2011
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Húsaleiga .....	2.375.751	2.534.479
Rafmagn og hiti .....	496.411	518.558
Viðhald húsnæðis .....	135.936	3.044.746
Vátryggingar húsnæðis .....	189.912	184.714
Ræsting og hreinlætisvörur .....	212.126	181.849
Fasteignagjöld .....	1.451.114	1.304.575
Viðhaldskostnaður, girðingar ofl. ....	38.789	614.463
Annar húsnæðiskostnaður .....	558.934	606.789
Áhaldakostnaður .....	1.462.808	1.947.291
Tryggingar .....	173.337	156.769
Auglýsingar .....	326.820	644.784
Endurskoðun og reikningsskil .....	2.405.383	2.621.708
Ferðakostnaður .....	1.088.205	1.012.681
Funda- og stjórnunarkostnaður .....	2.015.604	1.958.930
Handbækur og fagrit .....	60.209	93.889
Kaffistofa, mótuneyti og risna .....	1.480.780	1.383.898
Pappír, prentun og ritföng .....	1.669.228	1.236.634
Póstur og sendingarkostnaður .....	814.188	843.029
Sími .....	1.647.072	1.666.665
Styrkir og framlög .....	895.874	403.415
Veitingar .....	319.009	181.301
Tölvukostnaður .....	2.384.809	2.441.264
Útgáfukostnaður, heimasíða og vefur .....	2.623.239	2.562.668
Þjónustugjöld og bankakostnaður .....	500.394	403.047
Skrifstofutæki og áhöld .....	38.934	33.292
Lögfræðikostnaður .....	143.328	173.987
Önnur aðkeypt þjónusta .....	1.991.635	1.839.836
Akstur og flutningsgjöld .....	312.594	392.749
Landleiga .....	76.796	73.710
Rannsóknarkostnaður .....	1.076.891	802.992
Dýralæknar og skoðun .....	107.322	195.365
Bífreiðakostnaður .....	886.828	631.633
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(95.535)	308.083
Afskrifaðar tapaðar kröfur .....	0	3.292.190
Ýmis kostnaður .....	791.270	646.167
Þátttaka hlutdeildarfélags í sameiginlegum kostnaði .....	(2.000.000)	(2.000.000)
	<u>28.655.995</u>	<u>35.740.109</u>





# Búnaðarsamband Suðurlands

## Hagnýtar upplýsingar



Heimilisfang:  
Austurvegi 1  
800 Selfoss

Aðalsími  
480 1800

### Starfsfólk:

Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri,  
Helga Sigurðardóttir, bókhald, netsjórn, ofl.  
Halla Kjartansdóttir, tunkortagerð ofl.  
Grétar Már Þorkelsson, búfjárefntilvit, úttektir ofl.  
Brynja Marvinsdóttir, móttaka, skráning ofl.

### Netföng

sveinn@bssl.is  
helga@bssl.is  
hk@bssl.is  
gretar@bssl.is  
bssl@bssl.is

### Sími

480 1801  
480 1804  
480 1820  
470 8088  
480 1800

### Starfsmenn bændabókhalds og starfsstöð

Ólafur Þór Þórarinsson, Selfossi  
Skafti Bjarnason, Selfossi  
Sigríður Emilsdóttir, Selfossi  
Kristín Björnsdóttir, Selfossi  
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti  
Sigurlaug Jónsdóttir, Kirkjubæjarklaustri  
Sigrún Bøðvarsdóttir, Kirkjubæjarklaustri

oli@bssl.is  
skafti@bssl.is  
sigridur@bssl.is  
kristin@bssl.is  
eikiblei@mi.is  
sigurlaug@bssl.is  
sigrun@bssl.is

480 1802  
480 1830  
480 1832  
480 1831  
486 8987  
480 1819  
480 1819

### Starfsmenn Kynbótastöðvar Suðurlands og starfssvæði:

Bragi Ágústsson Hluti Flóa, Skeið, Vesturhluti Árn.  
Úlfhéðinn Sigurmundsson Hreppar, hluti Tungna  
Hermann Árnason Rangárþing frá V-Landeyjum. Hluti Flóa  
Smári Tómasson Frá Vík að vesturhluta Landeyja  
Sigríður Bøðvarsdóttir Skaftárhreppur

482 2056  
486 5563  
487 8611  
487 1410  
487 4719

### Klaufskurður KS, pantanir thorsteinn82@simnet.is

Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti (pantanasími)  
Birkir Þrastarson, Hæli

867 4104  
897 4482

### Tilraunabúið Stóra-Ármóti:

Grétar Hrafn Harðarsson, tilraunastjóri  
Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson, bústjórar

480 1807  
482 1058

### Sauðfjársæðingastöðin Þorleifskoti:

Sveinn Sigurmundsson,

480 1801

**Minum á heimasíðuna bssl.is**

Áhugavert efni má senda á [helga@bssl.is](mailto:helga@bssl.is)